



Borgarráð

## **Samþykkt velferðarráðs um nýja aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir**

Á fundi velferðarráðs þann 15. janúar 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir um nýja aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki endurskoðaða aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Jafnframt er lagt til að stefna um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir 2019-2025 verði framlengd til 2027. Áætlaður kostnaður vegna aðgerða um uppbyggingu húsnæðis er um 3.384 m.kr. til loka árs 2027.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar velferðarráðs fagna uppfærslu á aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Aðgerðaráætlunin tekur mið af því að þjónusta borgarinnar mæti fólki þar sem það er statt hverju sinni með aukinni þrepaskiptingu í þjónustunni og tryggi að viðeigandi þjónusta sé til staðar fyrir fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir með skaðaminnkun að leiðarljósi. Áfram verður lögð áherslu á samvinnu við ríkið og sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins um kostnaðarþátttöku og áframhaldandi uppbyggingu í málaflokknum.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að mæta fólki þar sem það er statt hverju sinni og tryggja að nægt húsnæði og gistirými, sé til staðar sem og viðeigandi stuðningur, þannig að ekki sé beðið til lengdar. Þá er mikilvægt að hægt sé að aðlaga stefnuna og aðgerðaáætlun í þessum málum ef þörf er á og hlusta alltaf á raddir þeirra með reynsluna við stefnumótun.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða tillögu stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir um nýja aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt árið 2019 en aðgerðaráætlunin með henni fór síðan tveimur árum síðar í endurskoðun. Margt hefur áunnist svo





sannarlega, 29 aðgerðum er lokið. Fimm eru í ferli. Flokkur fólksins vísaði tveimur tillögum til stýrihópsins, annarri um aukinn opnunartíma neyðarskýla. Flokkur fólksins lagði líka til að bæta og efla heilbrigðisþjónusta við þennan hóp. Í kjölfar samtals við ríkið samþykkti ráðuneytið að ráðstafa 30 m.kr. til að tryggja heimilisláusu fólki betra aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Það er stór áskorun að fá önnur sveitarfélög til að sinna þessum málum. Mest um vert er þó að borgin reyni að sinna þessum hópi vel t.d. byggji húsnæði og hafi neyðarskýli opin helst allan sólarhringinn. Önnur sveitarfélög virðast hafa hafnað því að styðja við þennan hóp sbr. það sem segir í gögnum “Engar úrbætur hafa verið gerðar af hálfu umræddra sveitarfélaga í kjölfar þessarar vinnu sem bendir til áhugaleysis sveitarfélaganna til úrbóta”. Þetta er auðvitað bagalegt.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuparfir um nýja aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuparfir, lögð fram á fundi velferðarráðs 15. janúar 2025 ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavík



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Stýrihópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir

---

### **Efni tillögu: *Endurskoðuð aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir***

Lagt er til að velferðarráð samþykki endurskoðaða aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Jafnframt er lagt til að stefna um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir 2019-2025 verði framlengd til 2027. Áætlaður kostnaður vegna aðgerða um uppbyggingu húsnæðis er um 3.384 m.kr. til loka árs 2027.

#### ***Greinargerð:***

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs 11. október sama ár. Stefnunni fylgdi aðgerðaáætlun með 34 kostnaðarmetnum aðgerðum. Staða aðgerða í janúar 2025 er að 29 aðgerðum telst lokið eða eru viðvarandi en fimm eru enn í ferli.

Þann 8. desember 2021 var á fundi velferðarráðs samþykkt tillaga sviðsstjóra um skipun stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Hlutverk stýrihópsins samkvæmt erindisbréfi er að endurskoða aðgerðaáætlunina og leggja fram tillögur að nýjum eða breyttum aðgerðum, forgangsröðun þeirra og kostnaðarmati. Sérstök áhersla er lögð á stöðu heimilislausra kvenna í endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar.

Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 voru lagðar fram fimm tillögur stýrihópsins þar á meðal um að starfshópi verði falið að leggja til útfærslu á og kostnaðarmeta tillögu stýrihópsins um þrepaskipta þjónustu við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Á þeim tíma sem unnið hefur verið að endurskoðaðri aðgerðaáætlun hefur ýmislegt áunnist í málaflokknum, sjá nánar í minnisblaði (fylgiskjal 1). Að auki hefur gefist tækifæri til að láta reyna á framkvæmd þrepaskiptrar þjónustu t.d. með tímabundnu sértæku húsnæði fyrir karla, sem gefið hefur góða raun. Frá árinu 2019 hefur þjónustueiningum fjölgað um 86, en í endurskoðaðri aðgerðaráætlun er áætlað að einingum fjölgi um 106 til loka árs 2027.



Í endurskoðaðri aðgerðaráætlun (fylgiskjal 2) er áfram horft til þeirra áherslna sem fram koma í stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir þ.e. á berskjaldaða hópa, hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar og hugmyndafræði húsnæðis fyrst. Aðgerðaáætlunin samanstendur af eftirfarandi aðgerðum.

1. Uppbygging húsnæðis
2. Móttaka fyrir þá sem óska eftir næturgistingu í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar
3. Nýtt neyðarskýli fyrir konur
4. Þarfagreining á neyðarskýli fyrir karla ásamt tillögu að rekstrarfyrirkomulagi
5. Draga úr þörf fyrir neyðarrými samhliða húsnæðisuppbyggingu
6. Þarfagreining fyrir sólarhringsþjónustu/íbúðakjarna fyrir karla
7. Aukin stöðugildi í VoR teymi
8. Samstarf við skrifstofu málefna fatlaðs fólks um hvernig hægt sé að tryggja heimilislausum með langvarandi stuðningsþarfir vegna fötlunar og vímuefnavanda, viðeigandi búsetuúrræði.
9. Málþing um forvarnir og samtal um heimilisleysi
10. Að stuðlað verði að opnun virkniúrræða
11. Samtal við ríkið um samþætta þjónustu

Sá hluti aðgerðaáætlunarinnar sem hefur verið kostnaðarmetinn lýtur að uppbyggingu húsnæðis, en aðrar aðgerðir fela ekki í sér kostnað eða verða kostnaðarmetnar í frekari vinnu. Áætlaður kostnaður vegna húsnæðisuppbyggingar til loka árs 2027 er 3.384 m.kr. Gert er ráð fyrir að á tímabilinu hafi nýjum einingum fjölgað um 106.

Stýrihópurinn ákvað að uppbygging húsnæðis næði til loka árs 2027 þrátt fyrir að stefnan sjálf gildi til loka árs 2025. Mikilvægt þótti að líta til lengri tíma en gert er ráð fyrir að húsnæðisuppbyggingin sæti endurskoðun t.d. ef ákveðið verður að ráðast í gerð nýrrar stefnu.

Áætlaður kostnaður fyrir málaflokk heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir á árinu 2024 er um 1,9 ma.kr. Þar með talið er kostnaður vegna reksturs áfangaheimila 112.744 m.kr. og húsnæði fyrir fatlað fólk með virkan vímuefnavanda 576.607 m.kr. (fylgiskjal 2).

<b>Kostnaðarmat tillagna út árið 2027</b>	
Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímab húsn	1.990
þrep- sólarhrings búsetuþjónusta	1.244
Húsnæði með stuðningi VoR	150
<b>Samtals</b>	<b>3.384</b>

*\*Nú þegar hefur verið gert ráð fyrir 60 m.kr. til að sinna nætursþjónustu í VoR teymi*



## **Framtíðarsýn - þrepaskipt þjónusta**

Í endurskoðaðri aðgerðaáætlun er lögð sérstök áhersla á þrepaskipta þjónustu í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir (HMFÞ). Markmiðið með þrepaskiptri þjónustu er að mæta sértækum þörfum notenda með fjölbreyttari kostum og draga þannig úr þörf á neyðarhúsnæði. Litið hefur verið til fyrirkomulags sem bæði Norðmenn og Danir hafa byggt upp. Þrepaskipt þjónusta er uppbyggð á eftirfarandi hátt:

### **Þrep 1: Neyðarmóttaka**

**Fyrir hverja:** Heimilislausu með miklar og flóknar þjónustuparfir

Í móttöku (1. þrep) felst sérstakt verklag á milli málaflokks HMFÞ og miðstöðva Reykjavíkurborgar. Á miðstöðvum starfa félagsráðgjafar/sérfræðingar með þekkingu á málaflokknum og þar fer fram frumgreining á stöðu notandans og mat á því hvort viðkomandi falli að skilgreiningunni „einstaklingur með miklar og flóknar þjónustuparfir“. Á grundvelli mats vísar miðstöð einstaklingum í neyðarskýli eða bendir á aðrar lausnir t.d. ef viðkomandi fellur ekki að skilgreiningu markhóps. Notandi sem leitar í neyðarskýli eftir opnunartíma á miðstöð, fær undanþágu til gistingar í eina nótt en þarf að leita til miðstöðvar daginn eftir þar sem aðstæður hans eru metnar m.t.t. markhóps eða honum er vísað á réttan stað.

### **Þrep 2: Neyðarskýli**

**Fyrir hverja:** Heimilislausu með miklar og flóknar þjónustuparfir. Notendur sem hafa verið metnir í þörf fyrir húsnæði sem ætlað er heimilislausum með miklar og flóknar þjónustuparfir á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Í dag eru neyðarskýli Reykjavíkurborgar þrjú, tvö fyrir karla og eitt fyrir konur.

### **Þrep 3: Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði**

**Fyrir hverja:** Fyrir notendur sem þurfa á umfangsmiklum stuðningi að halda í búsetu eftir langvarandi reynslu af heimilisleysi. Stuðningurinn er veittur til kvenna annars vegar og hins vegar til karla. Á meðan á dvöl stendur fer fram markviss valdefling notenda og mat á þjónustupörf viðkomandi leitt af fagfólki. Um er að ræða sólarhringsþjónustu. Ekki er gerð krafa um edrúmennsku. Sérstakt tímabundið húsnæði getur verið skilgreint fyrir einstaklinga í virkri neyslu en líka fyrir einstaklinga sem eiga ekki við vímuefnavanda að stríða en þurfa sérstakan stuðning.

### **4. þrep. Varanleg búseta**

**Fyrir hverja:** Fyrir notendur þar sem þjónustumat liggur fyrir m.a. um búsetu- og stuðningsþörf sem metin hefur verið á 3. þrepi.

Um getur verið að ræða:

- **Almennt félagslegt leiguhúsnæði** án stuðnings VoR teymis en mögulega með stuðningi og eftirfylgd frá ráðgjöfum á miðstöð.



- **Stakar íbúðir fyrir heimilislausa:** Stakar íbúðir, án stuðnings VoR teymis, fyrir heimilislausa sem uppfylla ekki skilyrði um almennt félagslegt leiguhúsnæði. Gert er ráð fyrir að einstaklingar hafi fengið þjónustu á 3. þrepi og farið gegnum mat á þjónustu í sérstöku tímabundnu húsnæði.
- **Stakar íbúðir/HF íbúðir og smáhús:** Stuðningur veittur frá húsnæðishluta VoR teymis. Um er að ræða stuðning veittan á grundvelli þjónustusamnings og einstaklingsáætlunar. Þjónusta er veitt virka daga frá kl. 08:00-18:00 og um helgar frá kl. 10:00-18:00. Hluti þess hóps sem fær úthlutað hefur mögulega verið í úrræði á 3. þrepi þar sem mat hefur verið lagt á búsetuþörf og áframhaldandi þjónustu.
- **Áfangameimili**, ef viðkomandi hefur farið í vímuefnaeðferð: Í dag rekur Reykjavíkurborg þrjú áfangameimili, eitt fyrir konur, eitt fyrir karla og eitt með þjónustusamningi við Samhjálp.
- **Sólarhrings búsetuþjónusta fyrir annars vegar konur og hins vegar karla:** Búseta, í litlum íbúðum eða herbergjasambýli, fyrir notendur sem metnir hafa verið í þörf fyrir sólarhringsstuðning skv. reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.
- **Hjúkrunarrými.** Mat hefur verið lagt á að viðkomandi einstaklingur þurfi hjúkrunarrými og sækja þurfi um færni- og heilsumat.

Frá því að stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir var samþykkt árið 2019 hefur orðið mikil uppbygging í málaflokknum (fylgiskjal 2). Framtíðasýn í málaflokknum byggir m.a. á því að dregið verði úr þörf á neyðarrýmum samhliða því að fjölgun verði á tímabundnu neyðarhúsnæði og varanlegum húsnæðisúrræðum. Áfram er stefnt að því að kynjaskipta þjónustunni eins og kostur er og horfa verður sérstaklega til þarfa einstaklinga af erlendum uppruna í hópnum.

Einstaklingar sem búa við heimilisleysi eru mun líklegri en aðrir einstaklingar til að glíma við geðrænar áskoranir, líkamleg veikindi, vímuefnavanda og þunga áfallasögu. Þá eru þessir einstaklingar líklegri til að eiga mál innan réttarvörslukerfisins og þurfa á aðkomu heilbrigðiskerfisins að halda fremur en einstaklingar sem tilheyra ekki þessum hópi. Fjölbætt og flókin staða þessara einstaklinga kallar því á samþættingu mismunandi þjónustukerfa, þ.e. heilbrigðis,- réttar,- og félagslega kerfisins, sem krefst náinnar samvinnu allra aðila sem koma þar að málum svo hægt sé að mæta þörfum einstaklingsins. Áfram þarf því að vekja athygli á og vinna að því að þjónusta við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustubarfir verði samþætt þvert á kerfi og stofnanir.

Fylgigögn:

1. Minnisblað með tillögu um endurskoðaða aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum heimilislausra.
2. Endurskoðuð aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir.
3. Jafnréttisskimun.





# Drög að endurskoðaðri aðgerðaáætlun 2024-2027

Með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir







# Forsaga





- Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs 11. október sama ár. Stefnunni fylgdi aðgerðaráætlun með 34 aðgerðum.  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/stefna\\_i\\_malefnum\\_heimilislausra\\_2019-2025\\_med\\_uppfaerdri\\_ethos-toflu\\_2.9.2019.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/stefna_i_malefnum_heimilislausra_2019-2025_med_uppfaerdri_ethos-toflu_2.9.2019.pdf)
- Á fundi velferðarráðs þann 8. desember 2021 samþykkti velferðarráð tillögu um skipun stýrihóps um endurskoðun aðgerðaráætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.
- Hlutverk starfshópsins er að endurskoða aðgerðaráætlunina og leggja fram tillögur að nýjum eða breyttum aðgerðum, forgangsröðun þeirra og kostnaðarmati. Sérstök áhersla er lögð á stöðu heimilislausra kvenna í endurskoðun á aðgerðaráætluninni.
- Í framlögðum aðgerðum er áfram horft til þeirra áherslna sem fram kom í stefnunni þ.e. á berskjaldaða hópa, hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar og húsnæðis fyrst (HF)



# Áskoranir





- Reykjavíkurborg þurfi ekki eitt sveitarfélag að bera hitann og þungann af þjónustunni og að ríkið mótí sér stefnu í málaflokknum. Reykjavíkurborg hefur ítrekað vakið athygli stjórnvalda á stöðunni í málaflokknum.
- Þrátt fyrir ítrekuð samtöl, hafa tilraunir Reykjavíkurborgar til að fá Samtök sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu til samstarfs ekki leitt til þess að sveitarfélögin hafi sett fram áætlanir um viðbrögð við heimilisleysi einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir sem hafa lögheimili utan Reykjavíkur en sækja þjónustu til höfuðborgarinnar. Velferðarsvið Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness ákváðu á vormánuðum 2022 að fara af stað með samstarfsverkefni í málaflokki heimilisláusra. Markmiðið með verkefninu var að m.á. móta tillögur um það hvernig bæta mætti þjónustu við þennan hóp með sameiginlegu átaki aðildarsveitarfélaganna. Engar úrbætur hafa verið gerðar af hálfu umræddra sveitarfélaga í kjölfar þessarar vinnu sem bendir til áhugaleysis sveitarfélaganna til úrbóta sem veldur því að þungi af málaflokknum í Reykjavík eykst.
- Það ástand sem ríkir á húsnæðismarkaði í dag takmarkar bjargir einstaklinga í neyð við að finna bæði tímabundið og varanlegt húsnæði á almennum leigumarkaði sem og aðgengi að gistiheimilum. Hins vegar er ekki litið fram hjá því að ástæða heimilisleysis er margþætt og m.a. vegna þess að einstaklingar með miklar og flóknar þjónustuparfir fá ekki viðeigandi þjónustu frá þeim kerfum sem eiga að þjónusta þá.



- Einstaklingar sem búa við heimilisleysi eru mun líklegri en aðrir einstaklingar til að glíma við geðrænar áskoranir, líkamleg veikindi, vímuefnavanda og þunga áfallasögu. Þá eru þessir einstaklingar líklegri til að eiga mál innan réttarvörslukerfisins og þurfa á aðkomu heilbrigðiskerfisins að halda fremur en einstaklingar sem tilheyra ekki þessum hópi.
- Fjölpættur og flókinn vandi og aðstæður þessara einstaklinga kalla á samþættingu mismunandi þjónustukerfa, þ.e. heilbrigðis,- réttar,- og félagslega kerfisins, sem krefst náinnar samvinnu allra aðila sem koma að málum svo hægt sé að mæta þörfum einstaklingsins. Áfram þarf að vekja athygli á og vinna að því að þjónusta við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir verði samþætt þvert á kerfi og stofnanir.



# Framtíðarsýn





- Heildstæð framtíðarsýn með áætlun um hvernig þörfum einstaklinga er mætt með þrepaskiptum úrræðum þar sem eitt úrræði tekur við af öðru eftir því sem hentar þörfum viðkomandi einstaklinga.
- Skaðaminnkandi og batamiðaðri nálgun sem og hugmyndafræði um húsnæði verður leiðarljós í allri þjónustu.
- Markmið þrepaskiptrar þjónustu er m.a. að dregið sé úr þörf á neyðarrýmum samhliða því að fjölgun verði á tímabundnu húsnæði og varanlegum húsnæðisúrræðum.
- Litið til fyrirkomulags sem bæði Norðmenn og Danir hafa byggt upp.
- Horfa verður sérstaklega til þarfa hóps einstaklinga af erlendum uppruna sem og kvenna.
- Framlagðar aðgerðir eru til þess að bæta við þær aðgerðir sem fram komu í fyrri aðgerðaráætlun Ekki er verið að hverfa frá þeim áherslum, hugmyndafræði og markmiðum sem fram koma í stefnu um heimilisláusa með miklar og flóknar þjónustuparfir.



# Þrepaskipt þjónusta







## 1. þrep: Neyðarmóttaka

- Nýtt verklag sem hefur það að markmiði að meta þjónustuparfir einstaklinga sem leita til neyðarþjónustu. Félagssráðgjafar miðstöðva, með þekkingu á málaflokki heimilisláusra, ásamt vettvangshluta VoR teymis, meta þarfir einstaklinga.
- Frumgreining á stöðu einstaklingsins og mat á því hvort viðkomandi falli að skilgreiningunni „einstaklingur með miklar og flóknar þjónustuparfir“.
- Á grundvelli mats er einstaklingum vísað í neyðarskýli eða bent á aðrar lausnir/þjónustu ef viðkomandi fellur ekki að skilgreiningu markhóps.

## 2. þrep: Neyðarskýli

- Fyrir einstaklinga sem hafa verið metnir í þörf fyrir húsnæði sem ætlað er heimilisláusum með miklar og flóknar þjónustuparfir á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og eiga umsókn um húsnæði. Í dag eru neyðarskýli Reykjavíkurborgar þrjú, tvö fyrir karla og eitt fyrir konur.



### **3. þrep: Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði**

- Ætlað einstaklingum sem þurfa á umfangsmiklum stuðningi að halda í búsetu eftir langvarandi reynslu af heimilisleysi.
- Sólarhringsþjónusta þar sem fram fer markviss valdefling notenda og mat lagt á þjónustupörf viðkomandi sem leitt er af fagfólki.
- Stuðningurinn er veittur til kvenna annars vegar og hins vegar til karla.
- Unnið er út frá skaðaminnkun og batamiðaðri nálgun í sértæku tímabundnu húsnæði.



#### 4. þrep: Varanleg búseta

Fyrir einstaklinga þar sem þjónustumat liggur fyrir m.a. um búsetu- og stuðningsþörf sem metin hefur verið á 3. þrepi. Um getur verið að ræða:

- **Almennt félagslegt leiguhúsnæði** án stuðnings vettvangs- og ráðgjafarteymis Vesturmiðstöðvar (VoR teymi), en mögulega með stuðningi og eftirfylgd frá ráðgjöfum á miðstöð.
- **Áfangaheimili**, ef viðkomandi hefur farið í vímuefnameðferð. Í dag rekur Reykjavíkurborg þrjú áfangaheimili, eitt fyrir konur, eitt fyrir karla og eitt með þjónustusamningi við Samhjálp.
- **Stakar íbúðir fyrir heimilislausa**: Stakar íbúðir, án stuðnings VoR teymis, sem uppfylla ekki skilyrði um almennt félagslegt leiguhúsnæði. Gert er ráð fyrir að einstaklingar hafi fengið þjónustu á 3. þrepi og farið í gegnum mat á þjónustu í sérstöku tímabundnu húsnæði.
- **Stakar íbúðir/Housing First íbúðir og smáhús**: Stuðningur veittur frá húsnæðishluta VoR teymis. Um er að ræða stuðning veittan á grundvelli þjónustusamnings og einstaklingsáætlunar. Þjónusta er að jafnaði veitt virka daga frá kl. 08:00-18:00 og um helgar frá kl. 10:00-18:00 en í einhverjum tilfellum gæti verið um sólarhringsþjónustu að ræða. Hluti þess hóps sem fær úthlutað hefur mögulega verið í úrræði á 3. þrepi þar sem mat hefur verið lagt á búsetuþörf og áframhaldandi þjónustu.
- **Sólarhrings búsetuþjónusta fyrir annarsvegar konur og hins vegar karla**: Búseta, í litlum íbúðum/á herbergjasambýli, fyrir notendur sem metnir hafa verið í þörf fyrir sólarhringsstuðning skv. reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.
- **Hjúkrunarrými**. Mat hefur verið lagt á að viðkomandi einstaklingur þurfi hjúkrunarrými að undangengnu færni og heilsumati.



# Ađgerđir





# Yfirlit aðgerða

1. Uppbygging húsnæðis í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir
2. Móttaka fyrir heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir sem óska eftir næturgistingu í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar
3. Nýtt neyðarskýli fyrir konur á grundvelli fyrirliggjandi þarfagreiningar
4. Þarfagreining á neyðarskýli fyrir karla ásamt tillögu að rekstrarfyrirkomulagi
5. Draga úr þörf fyrir neyðarrými samhliða húsnæðisuppbyggingu
6. Þarfagreining fyrir sólarhringsþjónustu/íbúðakjarna fyrir heimilislausra karlmenn með miklar og flóknar þjónustuparfir
7. Aukin stöðugildi í VoR teymi
8. Starfshópur um framkvæmd og útfærslu tillagna til að koma í veg fyrir heimilisleysi ungmenna
9. Í samstarfi við skrifstofu málefna fatlaðs fólks verða settar fram tillögur um hvernig hægt sé að tryggja heimilislausum, með langvarandi stuðningsparfir vegna fötlunar og vímuefnavanda, viðeigandi búsetuúrræði.
10. Málþing um forvarnir og samtal um heimilisleysi.
11. Að stuðlað verði að opnun virkniúrræða
12. Samtal við ríkið um samþætta þjónustu



## Aðgerð 1:

**Uppbygging húsnæðis í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir**



# Yfirlit yfir uppbyggingu þrepaskipts húsnæðis til loka árs 2027

## Rök:

Í janúar 2025 eru 68 einstaklingar á biðlista eftir húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir. Konur eru 23 og karlar 45.

	2024	2025	2026	2027
<b>Úrræði á 3. þrepi</b>				
Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði	12		12	
<b>Úrræði á 4. þrepi</b>				
Búsetuúrræði, stakar íbúðir án stuðning VoR teymis	6	6	6	6
Eftirfylgd með stuðningi VoR teymis. Stakar íbúðir/samliggjandi íbúðir/herbergi með stuðningi VoR teymis.	6	6	6	7
Sólarhrings búsetuþjónusta fyrir konur			6	
Sólarhrings búsetuþjónusta fyrir karla		8		8
Hjúkrunarrými		11		
<b>Samtals fjöldi eininga</b>	<b>24</b>	<b>31</b>	<b>30</b>	<b>21</b>

Alls 106 nýjar einingar



### 3. þrep – stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði

Með búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði er unnið að því að meta þjónustupörf einstaklinga, undirbúa þá fyrir sjálfstæða búsetu, annað hvort á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði á grundvelli þjónustumats. Um er að ræða sólarhringsþjónustu (herbergi með sér baðherbergi). Sérstakt tímabundið húsnæði getur verið skilgreint fyrir einstaklinga með vímuefnavanda í virkri neyslu en líka fyrir einstaklinga sem eiga ekki við vímuefnavanda að stríða en þurfa sérstakan stuðning. Gert er ráð fyrir húsnæði í tveimur einingum, annars vegar fyrir konur og hins vegar fyrir karla.

Afar mikilvægt er að samstarf náist með ríkinu um aðkomu að úrræðinu þar sem ljóst er að markhópur úrræðisins þarfnast heilbrigðisþjónustu m.a. geðheilbrigðisþjónustu.

#### Áætlun

	2024	2025	2026	2027	Samtals
Karlar	6	-	6	-	12
Konur	-	6	-	6	12
<b>Fjöldi úrræða</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>24</b>
<b>Launa- og rekstrarkostnaður úrræða</b>					
Karlar kostn.	199	199	398	398	1.194
Konur kostn.	-	199	199	398	796
<b>Kostnaður samtals</b>	<b>199</b>	<b>398</b>	<b>597</b>	<b>796</b>	<b>1.990</b>

**Kostnaður: Heildarkostnaður á tímabilinu er 1.990 m. kr.  
Fjöldi samtals 24**





## 4. þrep – húsnæði án stuðnings VoR

Stakar íbúðir, án stuðnings Vettvangs- og ráðgjafateymis Vesturmiðstöðvar (VoR teymi), fyrir einstaklinga sem uppfylla ekki skilyrði um almennt félagslegt leiguhúsnæði. Gert er ráð fyrir að íbúar hafi fengið þjónustu á 3. þrepi þ.e. hafi farið í gegnum mat á þjónustubörf í sérstöku tímabundnu húsnæði. Stuðningur er veittur af miðstöðvum.

VoR teymið getur veitt tímabundinn stuðning til íbúa ef þörf krefur.

### Áætlun

Fjöldi úrræða	2024	2025	2026	2027	Samtals
Íbúðir	6	6	6	7	25

**Kostnaður:** Enginn viðbótarkostnaður fyrir málaflokkinn, þar sem einstaklingar fá úthlutuðu félagslegu leiguhúsnæði og greiða af því leigu. Stuðningur er veittur frá ráðgjafa á miðstöð og mögulega er um að ræða tímabundna aðkomu VoR teymis í sérstökum aðstæðum



## 4. þrep – húsnæði með stuðningi VoR

Stakar íbúðir/samliggjandi íbúðir/herbergi með stuðningi VoR teymis. Markhópur er heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir sem þurfa á einstaklingsmiðuðum stuðningi að halda í búsetu. Stuðningur er veittur alla daga vikunnar á dagvinnutíma.

Almennt er gert ráð fyrir að lagt hafi verið mat á þjónustu- og stuðningsþörf í sérstöku tímabundnu húsnæði á 3 þrepi.

### Áætlun

	2024	2025	2026	2027	Samtals
<b>Fjöldi herbergja/íbúða</b>					
Íbúðir fjöldi		12	6	7	25
Launa- og rekstrarkostnaður úrræða					
<b>Kostnaður samtals</b>		33	49	68	150

*Kostnaður er í m. kr. Í heildina 25 íbúðir.*

**Kostnaður:** Heildarkostnaður á tímabilinu er 150 m. kr. Heildarfjárförf á ári m.v. 5,4 stöðugildi eru 68 m. kr. á ári.



## 4. þrep- sólarhrings búsetuþjónusta

Herbergi með sér salerni fyrir notendur með virkan vímuefnavanda og hafa búið við langvarandi heimilisleysi. Almennt er gert ráð fyrir að lagt hafi verið mat á þjónustu- og stuðningsþörf í sérstöku tímabundnu húsnæði á 3. þrepi.

### Áætlun

	2024	2025	2026	2027	Samtals
<b>Fjöldi herbergja</b>					
Karlar		8		8	16
Konur			6		6
<b>Samtals</b>		<b>8</b>	<b>6</b>	<b>8</b>	<b>22</b>
<b>Launa- og rekstrarkostnaður úrræða</b>					
karlar		207	207	414	<b>828</b>
Konur		-	208	208	<b>416</b>
<b>Kostnaður samtals</b>		<b>207</b>	<b>415</b>	<b>622</b>	<b>1244</b>

**Kostnaður:** Heildarkostnaður nemur um 1.244 m. kr. á tímabilinu.



## 4. þrep - hjúkrunarrými

Fyrir einstaklinga sem þjónustumat sýnir að þurfi hjúkrunarrými og sækja þurfi um færni og heilsumat/eða sótt hafi verið um.

Ef samningar nást við ríkið um rekstur hjúkrunarrýmis verður farið í að finna því hentugt húsnæði.

### Áætlun

	2024	2025	2026	2027	Samtals
Fjöldi úrræða					
Íbúðir		11			11



## Aðgerð 2:

**Móttaka fyrir heimilislausa með miklar og flóknar  
þjónustuparfir sem óska eftir næturgistingu í neyðarskýlum  
Reykjavíkurborgar**



# Móttaka

## Rök:

Í móttöku (1. þrep) felst ákveðið verklag á milli málaflokks HMFB og miðstöðva Reykjavíkurborgar. Á miðstöðvum fer fram frumgreining á stöðu einstaklingsins og mat á því hvort viðkomandi falli að skilgreiningunni „einstaklingur með miklar og flóknar þjónustuparfir“. Á grundvelli mats er einstaklingum vísað í neyðarskýli eða bendir á aðrar lausnir t.d. ef viðkomandi fellur ekki að skilgreiningu markhóps. Einstaklingur sem leitar í neyðarskýli eftir opnunartíma miðstöðva, fær undanþágu til gistingar í eina nótt en þarf að leita til miðstöðvar daginn eftir þar sem aðstæður hans eru metnar m.t.t. markhóps eða honum er kynnt hvaða aðrar lausnir standa til boða.

## Ábyrgð:

- Framkvæmdastjórar miðstöðva

## Kostnaður:

- Rúmast innan fjárheimilda

## Tímaáætlun

- 2024 - 2027



## **Aðgerð 3:**

**Nýtt neyðarskýli fyrir konur á grundvelli fyrirbyggjandi þarfagreiningar**



# Nýtt neyðarskýli fyrir konur

## Rök:

Fyrir liggur þarfagreining á neyðarskýli og neyðarhúsnæði fyrir konur. Hins vegar er ljóst að uppbygging á grundvelli þarfagreiningar tekur tíma, en núverandi aðstaða í Konukoti er barn síns tíma og uppfyllir vart lágmarkskröfur.

## Ábyrgð:

- Skrifstofa fjármála og rekstrar

## Kostnaður:

- Auglýst hefur verið eftir húsnæði, kostnaður óljós

## Tímaáætlun

- 2024





## Aðgerð 4:

**Þarfagreining á neyðarskýli fyrir karla ásamt  
tillögu að rekstrarfyrirkomulagi**



## Þarfagreining á neyðarskýli fyrir karla

### Rök:

Reykjavíkurborg rekur í dag tvö neyðarskýli fyrir karla, annað á Grandagarði (15 pláss) og hitt á Lindargötu (25 pláss). Aðstæður í neyðarskýlinu á Granda eru erfiðar bæði fyrir gesti og starfsfólk. Á Lindargötunni eru aðstæður betri en húsnæðið gefur möguleika til breyttrar notkunar.

### Ábyrgð:

- Vesturmiðstöð

### Kostnaður:

- Mun liggja fyrir í lok þarfagreiningar

### Tímaáætlun

- 2025



## **Aðgerð 5:**

**Draga úr þörf fyrir neyðarrými samhliða húsnæðisuppbyggingu**



# Draga úr þörf fyrir neyðarskýli samfara húsnæðisuppbyggingu

## Rök:

Samhliða húsnæðis- og þjónustuuppbyggingu í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir og verklagi um neyðarmóttöku er mikilvægt að stefnt sé að því að draga úr þörf einstaklinga fyrir neyðarskýli.

Þeir notendur sem dvalið hafa flestar nætur í neyðarskýlum eru með mjög sértækar þjónustuparfir og þurfa aðkomu málaflokks fatlaðs fólks og/eða ríkis til að hægt sé að draga úr eða koma í veg fyrir þörf þeirra fyrir neyðarskýli

Að mati stýrihópsins er erfitt á þessum tímamarki að áætla um fækkun rýma í neyðarskýlum. Slíkt er háð framgangi uppbyggingar á húsnæði og samfélagsþróun sem og aðgerðum ríkis og annarra sveitarfélaga. Mikilvægt er þó að stefna að því að draga úr þörf á neyðarplássum og að reglulega sé tekin staðan á nýtingu þeirra samhliða uppbyggingu húsnæðisúrræða.

## Ábyrgð:

- Vesturmiðstöð

## Kostnaður:

- Felur ekki í sér kostnaðarauka

## Tímaáætlun

- Stöðumat á þróun nýtingar í neyðarskýli verður gert í lok árs 2024



## Aðgerð 6:

**Þarfagreining fyrir sólarhringsþjónustu/íbúðakjarna fyrir heimilislausa karlmenn með miklar og flóknar þjónustufarir**



## Þarfagreining fyrir sólarhringsþjónustu

### Rök:

Reykjavíkurborg rekur nú sólarhringsþjónustu fyrir karla með miklar og flóknar þjónustuparfir. Heimilið er í 4ja hæða hús án lyftu og er húsnæðið komið til ára sinna. Núverandi húsnæði mætir ekki þörfum íbúa m.a. með tilliti til aðgengis.

### Ábyrgð:

- Vesturmiðstöð

### Kostnaður:

- Mun liggja fyrir í lok þarfagreiningar

### Tímaáætlun

- 2025



**Aðgerð 7:**

**Aukin stöðugildi í VoR teymi**



## Aukin stöðugildi í VoR

### Rök:

Samhliða fjölgun húsnæðisúrræða með stuðningi þarf að fjölga stöðugildum í VoR teymi. Miðað við tillögur að húsnæðisáætlun til ársins 2027 þyrfti VoR teymið að koma að stuðningi í 25 nýjum íbúðum.

### Ábyrgð:

- Skrifstofa fjármála og rekstrar

**Kostnaður:** Heildarkostnaður á tímabilinu er 150 m. kr. miðað við uppbyggingu á tímabilinu

### Tímaáætlun:

- 2024-2027





## Aðgerð 8:

Starfshópur um framkvæmd og útfærslu tillagna til að koma í veg fyrir heimilisleysi ungmenna



# Starfshópur um framkvæmd og útfærslu tillagna til að koma í veg fyrir heimilisleysi ungmenna

## Rök:

Á grundvelli fyrri aðgerðaráætlunar skilaði starfshópur tillögum um hvernig hægt væri að koma í veg fyrir heimilisleysi ungmenna m.a. með gagnreyndum aðferðum.

Lagt er til að starfshópi Barnaverndar og miðstöðva verði falið að leggja fram tímasetta- og kostnaðarmetna áætlun um með hvaða hætti megi vinna út framlögðum tillögum.

## Ábyrgð:

- Skrifstofa ráðgjafapjónustu

## Kostnaður:

Starfshópi verði falið að meta kostnað.

## Tímaáætlun:

- 2025



## **Aðgerð 9:**

**Í samstarfi við skrifstofu málefna fatlaðs fólks verða settar fram tillögur um hvernig hægt sé að tryggja heimilislásum, með langvarandi stuðningsþarfir vegna fötlunar og vímuefnavanda, viðeigandi búsetuúrræði**



# Unnið að tillögum um búsetu fyrir einstaklinga með fötlun og vímuefnavanda

## Rök:

Ljóst er að þeir einstaklingar sem sækja neyðarskýlin glíma sumir við þroska- og/eða geðrænan vanda auk vímuefnavanda. Um er að ræða hóp sem verður af nauðsynlegri þjónustu þar sem ekki hefur tekist eða ekki er vilji til að meta þjónustupörf þeirra út frá lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 þar sem formlega fötlunargreiningu skortir. Því er mikilvægt að þessum hópi verði tryggð viðeigandi búseta út frá fyrirbyggjandi þjónustupörfum og að skortur á formlegri fötlunargreiningu standi ekki í vegi fyrir búsetuuppbyggingu. Horfa þarf til þeirrar reynslu sem skapast hefur af rekstri heimilis fyrir tvígreindar konur.

## Ábyrgð:

- Skrifstofa ráðgjafarþjónustu

## Kostnaður:

- Verður metinn samhliða vinnu

## Tímaáætlun:

- 2025



**Aðgerð 10:**

**Málþing um forvarnir og samtal um heimilisleysi**



# Málþing um forvarnir og samtal um heimilisleysi

## Rök:

Mikilvægt er að huga að forvörnum gegn heimilisleysi. Auka þarf meðvitund og samtal í samfélaginu til að auka skilning á málefnum fólks sem á í hættu að verða heimilislaut, með sérstakri áherslu á ungt fólk. Sem liður í því er samtal, samráð og stuðningur við íbúa borgarinnar sem búa í nágrenni við úrræði sem veita heimilislautsum þjónustu.

Þörf er á samtali og samstarfi milli kerfa um hvar þörf er á frekari samþættingu og leiðum til samstarfs. Þeim einstaklingum sem „falla á milli kerfa“ er hættara en öðrum að eiga við heimilisleysi að etja á lífsleiðinni.

## Ábyrgð:

- Vesturmiðstöð

## Kostnaður:

- Rúmast innan fjárheimilda

## Tímaáætlun:

- 2025



**Aðgerð 11:**

**Að stuðlað verði að opnun virkniúrræða**



# Að stuðlað verði að opnun virkniúrræða

## Rök:

Í nýútgefinni lokaskýrslu starfshóps á vegum heilbrigðisráðherra um stefnu og aðgerðir í skaðaminnkun fjallar ein þeirra 15 aðgerða sem lagðar eru fram um að fólk með samslátt vímuefnanotkunar og heimilisleysis eigi aðgang að dagþjónustu þar sem fjölbreytt virkni og stuðningur er í boði. Lagt er til að stofnaður verði starfshópur hagaðila sem verði m.a. falið að greina þörf, mögulega framkvæmd, staðsetningu og gera kostnaðarmat á slíku úrræði á Íslandi. Gert er ráð fyrir að velferðarsvið Reykjavíkurborgar verði einn samstarfsaðili að þessari aðgerð.

## Ábyrgð:

- Sviðsstjóri

## Kostnaður:

- Metinn síðar

## Tímaáætlun:

- 2025-2026





**Aðgerð 12:**

**Samtal við ríkið um samþætta þjónustu**



## Samtal við ríkið

### Rök:

Heimilislausir einstaklingar með miklar og flóknar þjónustuparfir þarfnast alla jafna umfangsmikillar velferðar- og heilbrigðisþjónustu. Ein aðgerð stefnunnar er að sett verði á fót úrræði á 3. þrepi sem hefur það að markmiði að meta þjónustupörf viðkomandi einstaklings og undirbúa þá fyrir sjálfstæða búsetu, annað hvort á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði á grundvelli þjónustumats.

Afar mikilvægt er að samstarf náist með ríkinu um aðkomu að úrræðinu þar sem ljóst er að markhópur úrræðisins þarfnast heilbrigðisþjónustu m.a. geðheilbrigðisþjónustu.

Í samtali við ríkið þarf jafnframt að ræða mögulegar lausnir vaðandi einstaklinga sem eru að útskrifast af stofnunum og metnir eru hættulegir.

### Ábyrgð:

- Sviðsstjóri

### Kostnaður:

- Metinn síðar

### Tímaáætlun:

- 2025



Reykjavík, 13. janúar 2025

VEL25010024

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni:** *Endurskoðuð aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir*

### Forsaga:

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs 11. október sama ár. Stefnunni fylgdi aðgerðaáætlun með 34 kostnaðarmetnum aðgerðum. Staða aðgerða í október 2024 er að 29 aðgerðum telst lokið eða eru viðvarandi en fimm eru enn í ferli.

Þann 8. desember 2021 var á fundi velferðarráðs samþykkt tillaga sviðsstjóra um skipun stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Hlutverk stýrihópsins samkvæmt erindisbréfi er að endurskoða aðgerðaáætlunina og leggja fram tillögur að nýjum eða breyttum aðgerðum, forgangsröðun þeirra og kostnaðarmati. Sérstök áhersla er lögð á stöðu heimilislausra kvenna í endurskoðun á aðgerðaáætluninni.

Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 voru lagðar fram fimm tillögur stýrihópsins þar á meðal um að starfshópi verði falið að leggja til útfærslu á og kostnaðarmeta tillögu stýrihópsins um þrepaskipta þjónustu við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

### **Greinargerð:**

#### **Úrræði og kostnaður:**

Aðstæður þeirra sem teljast til hóps heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir eru sárar, skortur er á eða bið eftir viðeigandi úrræðum velferðar- og heilbrigðiskerfis og enn hefur ríkið ekki mótað stefnu í málaflokknum. Reykjavíkurborg hefur hins vegar á undanförunum árum ráðist í ýmsar aðgerðir sem bætt hafa þjónustu og stuðning við hópinn og ber í raun hitann og þungann af málaflokknum.

Velferðarsvið rekur og styrkir ýmsa þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir. Markmið úrræða er að mæta þörfum þeirra sem þurfa þjónustu út frá



skaðaminnkandi inngrípum. Um er að ræða jaðarsetta hópa sem þurfa margvíslegan stuðning varðandi eigið heilbrigði ásamt félagslegum og efnahagslegum stuðningi. Vettvangs- og ráðgjafarteymi Vesturmiðstöðvar (VoR teymi), sinnir bæði vettvangsþjónustu sem og húsnæðisstuðningi til þeirra einstaklinga sem teljast til hópans. Miðstöðvar sviðsins sinna einnig félagslegri ráðgjöf við heimilislausa og er gróft mat að um þrjú stöðugildi félagsráðgjafa á miðstöðvum hafi sinnt hópnum frá 2018 til 2019 en að stöðugildin séu fimm frá árinu 2020. Árið 2024 sitja sex félagsráðgjafar í tengiliðahóp við málaflokkinn.

Í töflu 1 má sjá þróun úrræða fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir frá árinu 2019 þegar *Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir* var samþykkt. Á árinu 2019 voru rými í úrræðum velferðarsviðs fyrir hópinn alls 101 en tvö eru rekin með þjónustusamningi. Annars vegar við Samhjálp og hins vegar við SÁÁ. Í dag eru úrræðin 187 og áfram eru tvö úrræði rekin með þjónustusamningum við SÁÁ og Samhjálp. Í endurskoðaðri aðgerðaáætlun er stefnt að því að alls verði ný rými 106 í lok árs 2027 og því alls 293.

Áætlaður kostnaður fyrir málaflokkinn árið 2024 er um 1,9 ma.kr.

**Tafla 1: Úrræði og kostnaður**

Úrræði	Fjöldi rýma				Áætlaður kostnaður fyrir árið 2024	Kostnaður per rými
	2019	2022	2023	2024	2024	2024
Neyðarskýli	33	52	52	52	505.720	9.826
H121 (íbúðir fyrir konur)	5	11	11	11	169.727	15.430
N74 (herbergi f. karla)	8	9	10	10	152.043	15.204
HF íbúðir (með stuðningi VoR teymis)*	5	19	20	24		0
Smáhús(innri leiga)**	3	13	20	20	30000	1.500
Smáhýsi Granda	4	3	3	2		0
Vettvangs- og ráðgjafarteymi					187.103	
S1 (herbergi f. karla)			6	6	163.500	27.250
<b>Áfangaheimili</b>						
Njála		11	13	13	25.574	1.967
Brautin	8	8	11	11	31.476	2.861
M18 - fyrir karla (þjónustusamning við Samhjálp)	8	8	8	8	30.874	3.859
Vin (þjónustusamningur við SÁÁ)	20	20	20	20	24.820	1.241
<b>Húsnæði fyrir fatlað fólk með virkan vímuefnavanda</b>						
Íbúðarkjarni H 79 (konur)	0	7	7	7	290.230	41.461
Herbergjasambýli M20 (karlar)	7	7	8	8	286.377	35.797
<b>Samtals</b>	<b>101</b>	<b>165</b>	<b>186</b>	<b>187</b>	<b>1.897.443</b>	

Að auki hefur velferðarráð á árinu 2024 veitt styrki eða gert samninga við frjáls félagasamtök um veitingu þjónustu (tafla 2).

**Tafla 2: Samningar, styrkir og annað á árinu 2024**



<b>Samningar, styrkir og annað</b>	<b>2024</b>
Hjálpræðisherinn (samningur)	15.000.000
Kaffistofa Samhjalpar (samningur)	10.560.000
Lengri opnunartími Samhjalp 1. jan - 29. feb	2.941.641
Lengri opnunartími Samhjalp 1. nóv - 31. mars	1.403.132
	<b>29.904.773</b>

## Umfjallanir og bókanir velferðarráðs

Frá því að stýrihópurinn hóf vinnu sína í desember 2021 hefur eftirfarandi áunnist.

- Samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar um neyslurými fyrir skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda var undirritaður þann 10. nóvember 2021. Í desember 2021 samþykkti velferðarráð samning Reykjavíkurborgar og Rauða kross Íslands um rekstur neyslurýmisins og hófst reksturinn í byrjun mars 2022.
- Velferðarráð samþykkti á fundi sínum þann 25. maí 2022 að ráða tímabundið í 6,4 stg. til að bæta við vaktir í neyðarskýlum borgarinnar fyrir karla vegna mjög aukinnar aðsóknar. Samhliða verði komið á fót tímabundnu neyðarhúsnæði fyrir heimilislausa karla sem dvalið hafa í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar.
- Í ágúst 2022 var tekið í notkun áfangaheimili fyrir 14 konur sem lokið hafa áfengis- og/eða vímuefnaeðferð. Tillaga velferðarráðs um stofnun áfangaheimilis var samþykkt á fundi borgarráðs 20. ágúst 2020.
- Velferðarráð samþykkti á fundi þann 14. september 2022 tillögu um stofnun tímabundins neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn í miðborginni. Heimilið var tekið í notkun í lok árs 2023.
- Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 var kynnt þarfagreining á neyðarhúsnæði fyrir konur. Frá þeim tíma hefur farið fram forhönnun á núverandi staðsetningu Konukots til að kanna möguleika á bættri og aukinni starfsemi áfram á sama stað.
- Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 var samþykkt að frá 1. apríl 2023 yrðu reglur um styrki til áfangaheimila frá desember 2008 felldar úr gildi. Upphaflegt markmið reglnanna var að jafna stöðu íbúa á áfangaheimilum við aðra sem gátu sótt um húsnæðisstuðning. Þann 1. janúar 2017 tóku gildi ný lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur en með þeim geta leigjendur áfangaheimila skráð lögheimili sitt þar og sótt um húsnæðisstuðning eins og aðrir íbúar Reykjavíkur. Reglurnar eru því ekki nauðsynlegar með sama hætti og áður.



- Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 voru samþykkar fimm tillögur stýrihópsins:
  1. Að velferðarsviði verði heimilað að hækka gistináttgjald hjá sveitarfélögum fyrir gistingu í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar í 46.000 kr. fyrir hverja gistinótt, þegar einstaklingur á lögheimili utan Reykjavíkur, þannig að gjaldið samsvari raunkostnaði. Tillaga þar um var lögð fram á fundi velferðarráðs 21. desember 2022.
  2. Að starfshópi verði falið að leggja til útfærslu á og að kostnaðarmeta tillögu stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir um **þrepaskipta þjónustu** við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.
  3. Að sviðsstjóra verði falið að eiga samtal við Samband íslenskra sveitarfélaga um mikilvægi aðkomu ríkisins að málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Skorað er á sambandið að beita sér fyrir því að ríkið komi með sama hætti að fjármögnun og skipulagi málaflokksins og tíðkast erlendis.
  4. Að sviðsstjóra verði falið að eiga viðræður við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í málefnum heimilislausra.
  5. Að velferðarsviði verði falið að leita liðsinnis Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar með að finna húsnæði sem mögulega gæti hentað sem hjúkrunarrými fyrir einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir.
- Á grundvelli umræðna velferðarsviðs við heilbrigðisráðuneytið samþykkti ráðuneytið að ráðstafa 30 m.kr. til að tryggja heimilislausu fólki betra aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu.
- Í janúar 2023 gerðu Heimahjúkrun Reykjavíkurborgar og Sjúkratryggingar Íslands með sér samning um heilbrigðisþjónustu á vettvangi við heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir. Hjúkrunarfræðingar hafa verið ráðnir til starfa og sinna heimilislausum með miklar og flóknar þjónustuparfir.
- Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 var lögð fram endurskoðuð viðbragðsáætlun velferðarsviðs vegna veðurs í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar.
- Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 voru lagðar fram fimm tillögur stýrihóps um endurskoðun aðgerðaráætlunarinnar og lagt til að undirhópi verði falið að leggja til útfærslu á og að kostnaðarmeta tillögur um þrepaskipta þjónustu við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir (fylgiskjal 2). Tillögurnar byggðu á fræðsluferð sem starfsfólk af skrifstofu velferðarsviðs, ásamt formanni velferðarráðs, fór í til Óslóar og Kaupmannahafnar 7. - 10. nóvember 2022. Markmið ferðarinnar var að fræðast um fyrirkomulag neyðarþjónustu við heimilislausra með fjölþættan vanda. Á grundvelli þeirrar fræðslu var það mat



hópsins að mikilvægt væri að koma á stigskiptri þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir, sér í lagi að koma á starfsemi þar sem fram færi mat á þjónustu- og stuðningsþörfum þeirra sem glíma við fjölbættan vanda þannig að þeim væru tryggð úrræði við hæfi.

- Á tímabilinu febrúar – apríl 2023 voru málefni heimilislausra tekin upp á þremur fundum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Rætt var um dagsetur og erindi frá Hjálpræðishernum um samstarf um rekstur dagseturs. Niðurstaðan var að beiðni yrði eftir niðurstöðu frá verkefnastjóra um málefni heimilislausra áður en sveitarfélögin geti tekið ákvörðun um að taka þátt í rekstri dagseturs. Skýrsla verkefnisstjóra var kynnt á fundi SSH þann 19. apríl 2023. Í september 2023 barst beiðni frá velferðarhópi SSH um aðkomu sveitarfélaganna að VoR teymi velferðarsviðs en einnig kom fram að SSH væri tilbúið til að taka þátt í kostnaði vegna vetraropnunartíma neyðarskýla. SSH tók þátt í kostnaði vegna vetraropunar neyðarskýla frá 1. desember – 1. apríl 2024.
- Í mars 2023 lauk viðamiklum endurbótum á Hringbraut 121 og þangað fluttu inn 11 konur með miklar þjónustuparfir.
- Þann 31. mars 2023 var haldin vinnustofa með stjórnendum í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Umræðuefnið var prepaskiptur stuðningur.
- Á fundi velferðarráðs þann 7. júní 2023 voru kynnt drög að reglum um tímabundið húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar.
- Á fundi velferðarráðs þann 7. júní 2023 voru kynnt viðmið vegna styrkja til áfangaheimila.
- Þann 7. júlí 2023 átti sviðsstjóri velferðarsviðs fund með Sambandi íslenskra sveitarfélaga á grundvelli bókunar velferðarráðs frá 1. febrúar 2023 en beiðni um fund var send Sambandinu þann 17. febrúar 2023.
- Í október 2023 hafði verið úthlutað í 20 smáhús samkvæmt núverandi aðgerðaráætlun.
- Á fundi velferðarráðs þann 18. október 2023 var velferðarsviði falið að útfæra tillögu um rekstur tímabundins dagsathvarfs fyrir heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir sem yrði opið í desember 2023 til febrúar 2024.
- Á fundi velferðarráðs þann 1. nóvember 2023 var velferðarsviði falið að ganga til samninga við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vegna beiðni þeirra um aðkomu sveitarfélaganna að þjónustu VoR teymis og vetraropunar sérstaks neyðarskýlis. Velferðarsvið gerði SSH tilboð um aðkomu að VoR teymi en því var ekki svarað af hálfu sveitarfélaganna.



- Á fundi velferðarráðs þann 15. nóvember 2023 var samþykkt tillaga um að gengið yrði til samstarfs við Samhjálp um vetraropnun á Kaffistofu Samhjalpar á tímabilinu desember 2023 - febrúar 2024.
- Á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2024 var samþykkt að útvega aðstöðu fyrir jaðarsett fólk með fjölþættan vanda til þess að það geti sinnt listsköpun. Starfið hefur verið í höndum sjálfboðaliða sem óskuðu eftir því að fá afnot af aðstöðu á Lindargötu við Vitatorg. Áhugasamur aðili lét í ljós áhuga á verkefninu og hefur fengið leiðbeiningar um hvaða gagna þyrfti að afla.
- Á fundi velferðarráðs 13. maí 2024 var lagður fram samningur milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands um neyslurými vegna skaðaminnkandi þjónustu, sem undirritaður var 8. apríl 2024. Reykjavíkurborg ber engan kostnað vegna samningsins en heilbrigðisráðuneytið leggur til um 55 m.kr. til reksturs neyslurýmisins.
- Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 2024 fól velferðarráð velferðarsviði að aðstoða Litla þúfu við að finna annað húsnæði fyrir starfsemi áfangaheimilisins.

Eftirfarandi tillögum hefur verið vísað til stýrihópsins:

Tillögu fulltrúa Flokks fólksins um breyttan opnunartíma neyðarskýla sem lögð var fyrir velferðarráð þann 14. september 2022.

Starfshópurinn vísar til þess að hlutverk neyðarskýla er að veita tímabundið skjól hluta sólarhringsins en ekki að vera ígildi búsetu. Til staðar er viðbragðsáætlun velferðarsviðs vegna veðurs í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar og samningur hefur verið gerður við Samhjálp um lengri opnunartíma Kaffistofunnar yfir köldustu vetrarmánuðina.

Tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að velferðarsvið beiti sér fyrir því að bæta aðstæður, fjölga stöðugildum og bæta þjónustu með því að koma á samningi milli borgarinnar og heilsugæslunnar sem lögð var fyrir fund 5. október 2022.

Velferðarsvið hefur beitt sér fyrir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um aðkomu ráðuneytisins að þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir. Heilbrigðisráðuneytið hefur samþykkt að ráðstafa 30 m.kr. til að tryggja heimilislausu fólki betra aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Í janúar 2023 gerðu Heimahjúkrun Reykjavíkurborgar og Sjúkratryggingar Íslands með sér samning um heilbrigðisþjónustu á vettvangi við heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir. Hjúkrunarfræðingar hafa verið ráðnir til starfa og sinna heimilislausum með miklar og flóknar þjónustuparfir. Landsspítalinn hefur veitt aukna heilbrigðisþjónustu í Ylju neyslurými sem er afar jákvætt.





Tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að útrýma heimilisleysi sem lögð var fyrir fund velferðarráðs 26. apríl 2023.

Stýrihópurinn vísar til þess að unnið hefur verið ötullega að þeim aðgerðum sem fram koma í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir frá árinu 2019. Framlögð aðgerðaáætlun er til þess fallin að draga úr heimilisleysi fólks og búa þeim betri lífsskilyrði. Reykjavíkurborg, eitt sveitarfélaga hefur lagt fram stefnu í málaflokknum og enn er beðið eftir stefnu ríkisins. Það getur ekki verið í höndum Reykjavíkurborgar að útrýma heimilisleysi sem á sér margskonar dýpri rætur m.a. í samfélagsgerðinni og hvernig búið er að börnum í uppveiti. Stýrihópurinn telur að velferðarráð hafi látið málaflokk heimilislausra sig miklu varða og telur mikilvægt að leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir heimilisleysi sem og bregðast við því.

Í nóvember 2024 skilaði starfshópur á vegum heilbrigðisráðherra lokaskýrslu um stefnu og aðgerðir í skaðaminnkun. Þar er að finna tillögur að 15 aðgerðum sem m.a. fjalla um samþætta heilbrigðisþjónustu, meðferðarúrræði og dagþjónustu þar sem fjölbreytt virkni og stuðningur yrði í boði fyrir fólk með samslátt vímuefnanotkunar og heimilisleysis. Afar mikilvægt er að þær aðgerðir sem fram koma í skýrslu starfshópsins nái fram að ganga.

### **Niðurstaða:**

Eins og fram hefur komið má sjá að frá því að stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt árið 2019 hafi orðið mikil uppbygging í málaflokknum. Framtíðasýn málaflokksins byggir m.a. á því að dregið verði úr þörf á neyðarrýmum samhliða því að fjölgun verði á tímabundnu neyðarhúsnæði og varanlegum húsnæðisúrræðum. Áfram er stefnt að því að kynjaskipta þjónustunni eins og kostur er og horfa verður sérstaklega til þarfa einstaklinga af erlendum uppruna í hópnum.

Áskoranir í málaflokknum snúa að því að Reykjavíkurborg þurfi ekki eitt sveitarfélaga að bera hitann og þungann af þjónustunni og að ríkið móti sér stefnu í málaflokknum. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki sett fram neinar áætlanir um viðbrögð við heimilisleysi einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir sem hafa lögheimili utan Reykjavíkur en sækja þjónustu til höfuðborgarinnar. Velferðarsvið Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness ákváðu á vormánuðum 2022 að fara af stað með samstarfsverkefni í málaflokki heimilislausra. Markmiðið með verkefninu var m.a. að móta tillögur um það hvernig bæta mætti þjónustu við þennan hóp með sameiginlegu átaki aðildarsveitarfélaganna. Engar úrbætur hafa verið gerðar af hálfu umræddra sveitarfélaga í kjölfar þessarar vinnu sem bendir til áhugaleysis sveitarfélaganna til úrbóta.

Einstaklingar sem búa við heimilisleysi eru mun líklegri en aðrir einstaklingar til að glíma við geðrænar áskoranir, líkamleg veikindi, vímuefnavanda og þunga áfallasögu. Þá eru þessir einstaklingar líklegri til að eiga mál innan réttarvörslukerfisins og þurfa á aðkomu



heilbrigðiskerfisins að halda fremur en einstaklingar sem tilheyra ekki þessum hópi. Fjölpættur og flókinn vandi þessara einstaklinga kallar því á samþættingu mismunandi þjónustukerfa, þ.e. heilbrigðis,- réttar,- og félagslega kerfisins, sem krefst náinnar samvinnu allra aðila sem koma þar að málum svo hægt sé að mæta þörfum einstaklingsins. Áfram þarf því að vekja athygli á og vinna að því að þjónusta við heimilislauða með miklar og flóknar þjónustuparfir verði samþætt þvert á kerfi og stofnanir.





## Jafnréttisskimun

### Netfang

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

### Nafn verkefnis/tillögu

Tillaga um endurskoðaða aðgerðaráætlun í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir 2024-2027

### Tengiliður

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

### Svið

VEL

### Þjónustupáttur

Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir

### Jafnréttisskimun er framkvæmd vegna

Annað

### Liggur fyrir fjárhagsáætlun fyrir tillöguna/verkefnið?

Já

### Áætlaður kostnaður verkefnis

2588000000 kr.



## Lýsið tillögunni og markmiðum hennar

Tillagan felur í sér að velferðarráð samþykkti endurskoðaða aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir 2019-2025, en aðgerðaáætlunin gildir til loka árs 2027. Í aðgerðaáætluninni er sett fram framtíðarsýn um þrepaskipta þjónustu og að dregið sé úr þörf fyrir neyðarrými. Þrepaskipta þjónustan skiptist í fjögur stig: 1) Neyðarmóttaka 2) Neyðarskýli 3) Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í tímabundnu úrræði og 4) Varanleg búseta. Í aðgerðaáætluninni eru settar fram 11 aðgerðir og er áhersla á fjölgun húsnæðisúrræða fyrir hópinn ásamt stöðugildum sem skapast í samhengi við þá fjölgun. Aðgerðaráætlunin felur m.a. í sér 106 nýjar húsnæðiseiningar á þrepum 3 og 4 fyrir heimilislaust fólk og 55,6 ný stöðugildi í þjónustu við hópinn, þar af eru 5,4 stöðugildi í VoR teymi borgarinnar. Einnig eru settar fram aðgerðir um málþing um hemilisleysi, opnun virkniúrræða og samtali við ríkið um samþætta þjónustu.

## Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti?

Já

## Lýsið hvernig hugað var að kynja- og jafnréttissjónarmiðum þegar tillagan var undirbúin?

Við gerð stefnu um heimilislausu með miklar og flóknar þjónustuparfir 2019-2025 var rýnt í rannsóknir og samráð haft við hagaðila. Í stefnunni er áhersla m.a. á að mæta fjölbreyttum þörfum eftir m.a. kyni og uppruna, skaðaminnkun og hugmyndafræði húsnæði fyrst. Í aðgerðaáætluninni er sérstaklega horft til þarfa fólks eftir kyni, uppruna og fötlun. Leitað var eftir umsögnum um drög að aðgerðaáætluninni í gegnum samráðsgátt borgarinnar og bárust sjö umsagnir, m.a. frá aðstandendum heimilislauss fólks, hagsmunasamtökum fanga og Matthildi samtaka um skaðaminnkun. Húsnæði fyrir heimilislaust fólk þarf að mæta þörfum fatlaðs fólks og í aðgerðaáætluninni er kveðið á um samstarf við skrifstofu málefna fatlaðs fólks og að settar verði fram tillögur um hvernig sé hægt að tryggja fötluði fólki sem fellur undir skilgreiningu hópsins viðeigandi búsetuúrræði. Tekið er sérstaklega fram að tekið verði mið af þörf, hvort sem formleg fötlunargreining liggur fyrir eður ei. Niðurstöður rannsókna sýna að heimilisleysi kvenna er mjög dulið. Í aðgerðaáætluninni er því lögð áhersla á að tryggja aukna þjónustu við konur, m.a. með 6 rýmum í sólarhrings búsetuþjónustu fyrir konur, 12 rýmum fyrir konur í sérstöku tímabundnu húsnæði og þarfagreiningu á nýju neyðarskýli fyrir konur, en lengi hefur verið bent á húsnæði Konukots henti ekki fyrir þjónustuna. Þá er gert ráð fyrir að um 43 einingar í ókynjaskiptum úrræðum verði nýtt af konum. Frá árinu 2019 hefur einingum fyrir heimilislausu með miklar og flóknar þjónustuparfir nú þegar verið fjölgað um 86 og þar af voru 38 einingar fyrir konur. Á biðlista eftir húsnæði í dag eru 68 einstaklingar, 23 konur og 45 karlar. Því er gert ráð fyrir, að því gefnu að ekki verði mikil fjölgun í hópnum, að vel náist að vinna niður biðlista með þeim aðgerðum sem sett eru fram í áætluninni.



### **Hverjir eru markhópar tillögunnar? Hvaða hópa fólks hefur tillagan áhrif á og hvernig?**

Heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustubarfir: Aukinn fjöldi fjölbreyttra búsetuúrræða fyrir hópinn er til þess fallinn að stuðla að húsnæðisöryggi sem er lykilþáttur í velferð fólks og grundvöllur þess að styrkja stöðu þeirra. Starfsfólk í velferðarþjónustu og þjónustu við heimilislaust fólk: Aðgerðaáætlunin skapar 55 ný stöðugildi ásamt því að draga úr álagi á starfsfólk sem starfar nú þegar við þjónustu við hópinn með því að bæta framboð af þjónustu, sér í lagi húsnæði, en staðan hefur verið mjög þröng. Aðstandendur heimilislauss fólks: Aðstandendur leggja gjarnan mikla ólaunaða vinnu af hendi við að reyna að tryggja sínu fólki viðeigandi þjónustu og úrræði. Það tekur mjög á fyrir aðstandendur að vita af fólki í ótryggum aðstæðum.

### **Eru til kyngreind gögn um þá hópa?**

Já

### **Hvað segja gögnin?**

Rannsóknir sýna að heimilislaust fólk hefur fjölbreyttann bakgrunn þrátt fyrir að ímynd hins heimilislausa í hinum vestræna heimi sé hvítur miðaldra karlmaður sem gistir í gistiskýlum eða á götunni. Árið 2017 var gerð ítarleg rannsókn á stöðu og fjölda heimilislausra á Íslandi en þá voru samtals 349 einstaklingar skráðir sem utangarðs og/eða heimilislausir. Kynjahlutföll voru 68% karlar og 32% konur. Fjöldi gesta í neyðarskýlum borgarinnar árið 2024 voru um 394, þar af 79% karlar og 21% konur. Á biðlista eftir húsnæði í dag eru 68 einstaklingar, 23 konur (34%) og 45 karlar (66%). Í nýrri aðgerðaráætlun er gert ráð fyrir alls 106 nýjum einingum til loka árs 2027.

### **Hvaða gögnum þyrfti að afla/vera hægt að greina niður á kyn eða aðrar breytur?**

Í S-5 kerfi er haldið utan um gögn umsækjanda um húsnæði m.a. kyn, aldur og uppruna.

### **Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og, eftir því sem við á, þá hópa sem eru tilteknir í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? Vinsamlegast rökstyðjið**

Tillagan hefur áhrif á jaðarsettan hóp fólks í samfélaginu sem býr við heimilisleysi auk þess að hafa miklar og flóknar þjónustubarfir sökum áfalla, vímuefnaneyslu, líkamlegra veikinda, geðrænna áskorana eða annarra aðstæðna sem mótað hafa líf þeirra og aðstæður. Með þeim aðgerðum sem er lagt fram er leitast við að uppfylla fyrirliggjandi þörf fyrir húsnæði fyrir heimilislaust fólk, og draga út því að fólk í lengist í gistiskýlum sökum



Þess að það fái ekki viðeigandi úrræði. Aðgerðaráætluninni er ætlað að tryggja að stefnu Reykjavíkurborgar um heimilislausa sé framfylgt og þannig að markvisst sé unnið að því að bæta lífsgæði þeirra sem búa við heimilisleysi og þurfa umfangsmikla þjónustu.

### **Vinsamlega veldu hvað af eftirfarandi passar best við niðurstöðu jafnréttisskimunarinnar**

Tillagan/Verkefnið hefur jákvæð jafnréttisáhrif

### **Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?**

Nei

### **Annað?**

Mikilvægt er að horfa til víðara samhengi þess sem veldur heimilisleysi. Ástæður heimilisleysis eru margþættar, m.a. vegna þess að fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir fá ekki alltaf viðeigandi þjónustu frá þeim kerfum sem eiga að þjónusta þau, eða verða fyrir fordómum. Mikilvægt er að samþætta mismunandi þjónustukerfi, þ.e. heilbrigðis-, réttar- og félagsleg kerfi og samþætta þjónustu þvert á kerfi og stofnanir, og vinna gegn fordómum og áhrifum staðalmynda. Mikilvægt er að þjónusta við heimililaust fólk taki mið af mannréttindastefnu borgarinnar og að aðilar sem veita þjónustu fyrir hönd borgarinnar þurfi einnig að haga starfsemi í samræmi við það og að gott eftirlit sé með starfsháttum. Mikilvægt er að horfa á fjölbreyttar þarfir heimililauss fólks. Í áætluninni má greina ákveðna kynjatvíhyggju þar sem þarfir trans og kynsegin fólks eru ekki ávörpuð. Mikilvægt er að þjónustan útiloki ekki hinseginfólk eða jaðarsetji þau enn frekar.





# Endurskoðuð aðgerðaáætlun 2024-2027

Með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir







# Forsaga





- Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs 11. október sama ár. Stefnunni fylgdi aðgerðaráætlun með 34 aðgerðum.  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/stefna\\_i\\_malefnum\\_heimilislausra\\_2019-2025\\_med\\_uppfaerdri\\_ethos-toflu\\_2.9.2019.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/stefna_i_malefnum_heimilislausra_2019-2025_med_uppfaerdri_ethos-toflu_2.9.2019.pdf)
- Á fundi velferðarráðs þann 8. desember 2021 samþykkti velferðarráð tillögu um skipun stýrihóps um endurskoðun aðgerðaráætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.
- Hlutverk starfshópsins er að endurskoða aðgerðaráætlunina og leggja fram tillögur að nýjum eða breyttum aðgerðum, forgangsröðun þeirra og kostnaðarmati. Sérstök áhersla er lögð á stöðu heimilislausra kvenna í endurskoðun á aðgerðaráætluninni.
- Í framlögðum aðgerðum er áfram horft til þeirra áherslna sem fram kom í stefnunni þ.e. á berskjaldaða hópa, hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar og húsnæðis fyrst (HF)



# Áskoranir





- Reykjavíkurborg þurfi ekki eitt sveitarfélag að bera hitann og þungann af þjónustunni og að ríkið mótí sér stefnu í málaflokknum. Reykjavíkurborg hefur ítrekað vakið athygli stjórnvalda á stöðunni í málaflokknum.
- Þrátt fyrir ítrekuð samtöl, hafa tilraunir Reykjavíkurborgar til að fá Samtök sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu til samstarfs ekki leitt til þess að sveitarfélögin hafi sett fram áætlanir um viðbrögð við heimilisleysi einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir sem hafa lögheimili utan Reykjavíkur en sækja þjónustu til höfuðborgarinnar. Velferðarsvið Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness ákváðu á vormánuðum 2022 að fara af stað með samstarfsverkefni í málaflokki heimilisláusra. Markmiðið með verkefninu var að m.á. móta tillögur um það hvernig bæta mætti þjónustu við þennan hóp með sameiginlegu átaki aðildarsveitarfélaganna. Engar úrbætur hafa verið gerðar af hálfu umræddra sveitarfélaga í kjölfar þessarar vinnu sem bendir til áhugaleysis sveitarfélaganna til úrbóta sem veldur því að þungi af málaflokknum í Reykjavík eykst.
- Það ástand sem ríkir á húsnæðismarkaði í dag takmarkar bjargir einstaklinga í neyð við að finna bæði tímabundið og varanlegt húsnæði á almennum leigumarkaði sem og aðgengi að gistiheimilum. Hins vegar er ekki litið fram hjá því að ástæða heimilisleysis er margþætt og m.a. vegna þess að einstaklingar með miklar og flóknar þjónustuparfir fá ekki viðeigandi þjónustu frá þeim kerfum sem eiga að þjónusta þá.



- Einstaklingar sem búa við heimilisleysi eru mun líklegri en aðrir einstaklingar til að glíma við geðrænar áskoranir, líkamleg veikindi, vímuefnavanda og þunga áfallasögu. Þá eru þessir einstaklingar líklegri til að eiga mál innan réttarvörslukerfisins og þurfa á aðkomu heilbrigðiskerfisins að halda fremur en einstaklingar sem tilheyra ekki þessum hópi.
- Fjölpættur og flókinn vandi og aðstæður þessara einstaklinga kalla á samþættingu mismunandi þjónustukerfa, þ.e. heilbrigðis,- réttar,- og félagslega kerfisins, sem krefst náinnar samvinnu allra aðila sem koma að málum svo hægt sé að mæta þörfum einstaklingsins. Áfram þarf að vekja athygli á og vinna að því að þjónusta við heimilislauða með miklar og flóknar þjónustuparfir verði samþætt þvert á kerfi og stofnanir.



# Framtíðarsýn





- Heildstæð framtíðarsýn með áætlun um hvernig þörfum einstaklinga er mætt með þrepaskiptum úrræðum þar sem eitt úrræði tekur við af öðru eftir því sem hentar þörfum viðkomandi einstaklinga.
- Markmið þrepaskiptrar þjónustu er m.a. að dregið sé úr þörf á neyðarrýmum samhliða því að fjölgun verði á tímabundnu húsnæði og varanlegum húsnæðisúrræðum.
- Litið til fyrirkomulags sem bæði Norðmenn og Danir hafa byggt upp.
- Horfa verður sérstaklega til þarfa hóps einstaklinga af erlendum uppruna sem og kvenna.
- Framlagðar aðgerðir eru til þess að bæta við þær aðgerðir sem fram komu í fyrri aðgerðaráætlun Ekki er verið að hverfa frá þeim áherslum, hugmyndafræði og markmiðum sem fram koma í stefnu um heimilislausu með miklar og flóknar þjónustufarir.



# Þrepaskipt þjónusta







## 1. þrep: Neyðarmóttaka

- Nýtt verklag sem hefur það að markmiði að meta þjónustuparfir einstaklinga sem leita til neyðarþjónustu. Félagssráðgjafar miðstöðva, með þekkingu á málaflokki heimilisláusra, ásamt vettvangshluta VoR teymis, meta þarfir einstaklinga.
- Frumgreining á stöðu einstaklingsins og mat á því hvort viðkomandi falli að skilgreiningunni „einstaklingur með miklar og flóknar þjónustuparfir“.
- Á grundvelli mats er einstaklingum vísað í neyðarskýli eða bent á aðrar lausnir/þjónustu ef viðkomandi fellur ekki að skilgreiningu markhóps.

## 2. þrep: Neyðarskýli

- Fyrir einstaklinga sem hafa verið metnir í þörf fyrir húsnæði sem ætlað er heimilislásum með miklar og flóknar þjónustuparfir á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og eiga umsókn um húsnæði. Í dag eru neyðarskýli Reykjavíkurborgar þrjú, tvö fyrir karla og eitt fyrir konur.



### **3. þrep: Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði**

- Ætlað einstaklingum sem þurfa á umfangsmiklum stuðningi að halda í búsetu eftir langvarandi reynslu af heimilisleysi.
- Sólarhringsþjónusta þar sem fram fer markviss valdefling notenda og mat lagt á þjónustupörf viðkomandi sem leitt er af fagfólki.
- Stuðningurinn er veittur til kvenna annars vegar og hins vegar til karla.
- Unnið er út frá skaðaminnkun í sértæku tímabundnu húsnæði.



#### 4. þrep: Varanleg búseta

Fyrir einstaklinga þar sem þjónustumat liggur fyrir m.a. um búsetu- og stuðningsþörf sem metin hefur verið á 3. þrepi. Um getur verið að ræða:

- **Almennt félagslegt leiguhúsnæði** án stuðnings vettvangs- og ráðgjafarteymis Vesturmiðstöðvar (VoR teymi), en mögulega með stuðningi og eftirfylgd frá ráðgjöfum á miðstöð.
- **Áfangaheimili**, ef viðkomandi hefur farið í vímuefnaeðferð. Í dag rekur Reykjavíkurborg þrjú áfangaheimili, eitt fyrir konur, eitt fyrir karla og eitt með þjónustusamningi við Samhjálp.
- **Stakar íbúðir fyrir heimilislauða**: Stakar íbúðir, án stuðnings VoR teymis, sem uppfylla ekki skilyrði um almennt félagslegt leiguhúsnæði. Gert er ráð fyrir að einstaklingar hafi fengið þjónustu á 3. þrepi og farið í gegnum mat á þjónustu í sérstöku tímabundnu húsnæði.
- **Stakar íbúðir/Housing First íbúðir og smáhús**: Stuðningur veittur frá húsnæðishluta VoR teymis. Um er að ræða stuðning veittan á grundvelli þjónustusamnings og einstaklingsáætlunar. Þjónusta veitt virka daga frá kl. 08:00-18:00 og um helgar frá kl. 10:00-18:00. Hluti þess hóps sem fær úthlutað hefur mögulega verið í úrræði á 3. þrepi þar sem mat hefur verið lagt á búsetuþörf og áframhaldandi þjónustu.
- **Sólarhrings búsetuþjónusta fyrir annarsvegar konur og hins vegar karla**: Búseta, í litlum íbúðum/á herbergjasambýli, fyrir notendur sem metnir hafa verið í þörf fyrir sólarhringsstuðning skv. reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.
- **Hjúkrunarrými**. Mat hefur verið lagt á að viðkomandi einstaklingur þurfi hjúkrunarrými að undangengnu færni og heilsumati.



# Ađgerđir





# Yfirlit aðgerða

1. Uppbygging húsnæðis í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir
2. Móttaka fyrir heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir sem óska eftir næturgistingu í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar
3. Nýtt neyðarskýli fyrir konur á grundvelli fyrirliggjandi þarfagreiningar
4. Þarfagreining á neyðarskýli fyrir karla ásamt tillögu að rekstrarfyrirkomulagi
5. Draga úr þörf fyrir neyðarrými samhliða húsnæðisuppbyggingu
6. Þarfagreining fyrir sólarhringsþjónustu/íbúðakjarna fyrir heimilislausra karlmenn með miklar og flóknar þjónustuparfir
7. Aukin stöðugildi í VoR teymi
8. Málþing um forvarnir og samtal um heimilisleysi.
9. Í samstarfi við skrifstofu málefna fatlaðs fólks verða settar fram tillögur um hvernig hægt sé að tryggja heimilislausum, með langvarandi stuðningsparfir vegna fötlunar og vímuefnavanda, viðeigandi búsetuúrræði.
10. Að stuðlað verði að opnun virkniúrræða
11. Samtal við ríkið um samþætta þjónustu



## Aðgerð 1:

**Uppbygging húsnæðis í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir**



# Yfirlit yfir uppbyggingu þrepaskipts húsnæðis til loka árs 2027

## Rök:

Í janúar 2025 eru 68 einstaklingar á biðlista eftir húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustufarir. Konur eru 23 og karlar 45.

	2024	2025	2026	2027
<b>Úrræði á 3. þrepi</b>				
Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði	12		12	
<b>Úrræði á 4. þrepi</b>				
Búsetuúrræði, stakar íbúðir án stuðning VoR teymis	6	6	6	6
Eftirfylgd með stuðningi VoR teymis. Stakar íbúðir/samliggjandi íbúðir/herbergi með stuðningi VoR teymis.	6	6	6	7
Sólarhrings búsetuþjónusta fyrir konur			6	
Sólarhrings búsetuþjónusta fyrir karla		8		8
Hjúkrunarrými		11		
<b>Samtals fjöldi eininga</b>	<b>24</b>	<b>31</b>	<b>30</b>	<b>21</b>

Alls 106 nýjar einingar



### 3. þrep – stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði

Með búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði er unnið að því að meta þjónustupörf einstaklinga, undirbúa þá fyrir sjálfstæða búsetu, annað hvort á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði á grundvelli þjónustumats. Um er að ræða sólarhringsþjónustu (herbergi með sér baðherbergi). Sérstakt tímabundið húsnæði getur verið skilgreint fyrir einstaklinga með vímuefnavanda í virkri neyslu en líka fyrir einstaklinga sem eiga ekki við vímuefnavanda að stríða en þurfa sérstakan stuðning. Gert er ráð fyrir húsnæði í tveimur einingum, annars vegar fyrir konur og hins vegar fyrir karla.

Afar mikilvægt er að samstarf náist með ríkinu um aðkomu að úrræðinu þar sem ljóst er að markhópur úrræðisins þarfnast heilbrigðisþjónustu m.a. geðheilbrigðisþjónustu.

#### Áætlun

	2024	2025	2026	2027	Samtals
Karlar	6	-	6	-	12
Konur	-	6	-	6	12
<b>Fjöldi úrræða</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>6</b>	<b>24</b>
<b>Launa- og rekstrarkostnaður úrræða</b>					
Karlar kostn.	199	199	398	398	1.194
Konur kostn.	-	199	199	398	796
<b>Kostnaður samtals</b>	<b>199</b>	<b>398</b>	<b>597</b>	<b>796</b>	<b>1.990</b>

**Kostnaður: Heildarkostnaður á tímabilinu er 1.990 m. kr.  
Fjöldi samtals 24**





## 4. þrep – húsnæði án stuðnings VoR

Stakar íbúðir, án stuðnings Vettvangs- og ráðgjafateymis Vesturmiðstöðvar (VoR teymi), fyrir einstaklinga sem uppfylla ekki skilyrði um almennt félagslegt leiguhúsnæði. Gert er ráð fyrir að íbúar hafi fengið þjónustu á 3. þrepi þ.e. hafi farið í gegnum mat á þjónustubörf í sérstöku tímabundnu húsnæði. Stuðningur er veittur af miðstöðvum.

VoR teymið getur veitt tímabundinn stuðning til íbúa ef þörf krefur.

### Áætlun

Fjöldi úrræða	2024	2025	2026	2027	Samtals
Íbúðir	6	6	6	7	25

**Kostnaður:** Enginn viðbótarkostnaður fyrir málaflokkinn, þar sem einstaklingar fá úthlutuðu félagslegu leiguhúsnæði og greiða af því leigu. Stuðningur er veittur frá ráðgjafa á miðstöð og mögulega er um að ræða tímabundna aðkomu VoR teymis í sérstökum aðstæðum



## 4. þrep – húsnæði með stuðningi VoR

Stakar íbúðir/samliggjandi íbúðir/herbergi með stuðningi VoR teymis. Markhópur er heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir sem þurfa á einstaklingsmiðuðum stuðningi að halda í búsetu. Stuðningur er veittur alla daga vikunnar á dagvinnutíma.

Almennt er gert ráð fyrir að lagt hafi verið mat á þjónustu- og stuðningsþörf í sérstöku tímabundnu húsnæði á 3 þrepi.

### Áætlun

	2024	2025	2026	2027	Samtals
<b>Fjöldi herbergja/íbúða</b>					
Íbúðir fjöldi		12	6	7	25
Launa- og rekstrarkostnaður úrræða					
<b>Kostnaður samtals</b>		33	49	68	150

*Kostnaður er í m. kr. Í heildina 25 íbúðir.*

**Kostnaður:** Heildarkostnaður á tímabilinu er 150 m. kr. Heildarfjárförf á ári m.v. 5,4 stöðugildi eru 68 m. kr. á ári.



## 4. þrep- sólarhrings búsetuþjónusta

Herbergi með sér salerni fyrir notendur með virkan vímuefnavanda og hafa búið við langvarandi heimilisleysi. Almennt er gert ráð fyrir að lagt hafi verið mat á þjónustu- og stuðningsþörf í sérstöku tímabundnu húsnæði á 3. þrepi.

### Áætlun

	2024	2025	2026	2027	Samtals
<b>Fjöldi herbergja</b>					
Karlar		8		8	16
Konur			6		6
<b>Samtals</b>		<b>8</b>	<b>6</b>	<b>8</b>	<b>22</b>
<b>Launa- og rekstrarkostnaður úrræða</b>					
karlar		207	207	414	<b>828</b>
Konur		-	208	208	<b>416</b>
<b>Kostnaður samtals</b>		<b>207</b>	<b>415</b>	<b>622</b>	<b>1244</b>

**Kostnaður:** Heildarkostnaður nemur um 1.244 m. kr. á tímabilinu.



## 4. þrep - hjúkrunarrými

Fyrir einstaklinga sem þjónustumat sýnir að þurfi hjúkrunarrými og sækja þurfi um færni og heilsumat/eða sótt hafi verið um.

Ef samningar nást við ríkið um rekstur hjúkrunarrýmis verður farið í að finna því hentugt húsnæði.

### Áætlun

	2024	2025	2026	2027	Samtals
Fjöldi úrræða					
Íbúðir		11			11



## Aðgerð 2:

**Móttaka fyrir heimilislausa með miklar og flóknar  
þjónustuparfir sem óska eftir næturgistingu í neyðarskýlum  
Reykjavíkurborgar**



# Móttaka

## Rök:

Í móttöku (1. þrep) felst ákveðið verklag á milli málaflokks HMFB og miðstöðva Reykjavíkurborgar. Á miðstöðvum fer fram frumgreining á stöðu einstaklingsins og mat á því hvort viðkomandi falli að skilgreiningunni „einstaklingur með miklar og flóknar þjónustuparfir“. Á grundvelli mats er einstaklingum vísað í neyðarskýli eða bendir á aðrar lausnir t.d. ef viðkomandi fellur ekki að skilgreiningu markhóps. Einstaklingur sem leitar í neyðarskýli eftir opnunartíma miðstöðva, fær undanþágu til gistingar í eina nótt en þarf að leita til miðstöðvar daginn eftir þar sem aðstæður hans eru metnar m.t.t. markhóps eða honum er kynnt hvaða aðrar lausnir standa til boða.

## Ábyrgð:

- Framkvæmdastjórar miðstöðva

## Kostnaður:

- Rúmast innan fjárheimilda

## Tímaáætlun

- 2024 - 2027



## **Aðgerð 3:**

**Nýtt neyðarskýli fyrir konur á grundvelli fyrirbyggjandi þarfagreiningar**



# Nýtt neyðarskýli fyrir konur

## Rök:

Fyrir liggur þarfagreining á neyðarskýli og neyðarhúsnæði fyrir konur. Hins vegar er ljóst að uppbygging á grundvelli þarfagreiningar tekur tíma, en núverandi aðstaða í Konukoti er barn síns tíma og uppfyllir vart lágmarkskröfur.

## Ábyrgð:

- Skrifstofa fjármála og rekstrar

## Kostnaður:

- Auglýst hefur verið eftir húsnæði, kostnaður óljós

## Tímaáætlun

- 2024





## Aðgerð 4:

**Þarfagreining á neyðarskýli fyrir karla ásamt  
tillögu að rekstrarfyrirkomulagi**



## Þarfagreining á neyðarskýli fyrir karla

### Rök:

Reykjavíkurborg rekur í dag tvö neyðarskýli fyrir karla, annað á Grandagarði (15 pláss) og hitt á Lindargötu (25 pláss). Aðstæður í neyðarskýlinu á Granda eru erfiðar bæði fyrir gesti og starfsfólk. Á Lindargötunni eru aðstæður betri en húsnæðið gefur möguleika til breyttrar notkunar.

### Ábyrgð:

- Vesturmiðstöð

### Kostnaður:

- Mun liggja fyrir í lok þarfagreiningar

### Tímaáætlun

- 2025



## **Aðgerð 5:**

**Draga úr þörf fyrir neyðarrými samhliða húsnæðisuppbyggingu**



# Draga úr þörf fyrir neyðarskýli samfara húsnæðisuppbyggingu

## Rök:

Samhliða húsnæðis- og þjónustuuppbyggingu í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir og verklagi um neyðarmóttöku er mikilvægt að stefnt sé að því að draga úr þörf einstaklinga fyrir neyðarskýli.

Þeir notendur sem dvalið hafa flestar nætur í neyðarskýlum eru með mjög sértækar þjónustuparfir og þurfa aðkomu málaflokks fatlaðs fólks og/eða ríkis til að hægt sé að draga úr eða koma í veg fyrir þörf þeirra fyrir neyðarskýli

Að mati stýrihópsins er erfitt á þessum tímamarki að áætla um fækkun rýma í neyðarskýlum. Slíkt er háð framgangi uppbyggingar á húsnæði og samfélagsþróun sem og aðgerðum ríkis og annarra sveitarfélaga. Mikilvægt er þó að stefna að því að draga úr þörf á neyðarplássum og að reglulega sé tekin staðan á nýtingu þeirra samhliða uppbyggingu húsnæðisúrræða.

## Ábyrgð:

- Vesturmiðstöð

## Kostnaður:

- Felur ekki í sér kostnaðarauka

## Tímaáætlun

- Stöðumat á þróun nýtingar í neyðarskýli verður gert í lok árs 2024



## Aðgerð 6:

**Þarfagreining fyrir sólarhringsþjónustu/íbúðakjarna fyrir heimilislausa karlmenn með miklar og flóknar þjónustufarir**



## Þarfagreining fyrir sólarhringsþjónustu

### Rök:

Reykjavíkurborg rekur nú sólarhringsþjónustu fyrir karla með miklar og flóknar þjónustuparfir. Heimilið er í 4ja hæða hús án lyftu og er húsnæðið komið til ára sinna. Núverandi húsnæði mætir ekki þörfum íbúa m.a. með tilliti til aðgengis.

### Ábyrgð:

- Vesturmiðstöð

### Kostnaður:

- Mun liggja fyrir í lok þarfagreiningar

### Tímaáætlun

- 2025



**Aðgerð 7:**

**Aukin stöðugildi í VoR teymi**



## Aukin stöðugildi í VoR

### Rök:

Samhliða fjölgun húsnæðisúrræða með stuðningi þarf að fjölga stöðugildum í VoR teymi. Miðað við tillögur að húsnæðisáætlun til ársins 2027 þyrfti VoR teymið að koma að stuðningi í 25 nýjum íbúðum.

### Ábyrgð:

- Skrifstofa fjármála og rekstrar

**Kostnaður:** Heildarkostnaður á tímabilinu er 150 m. kr. miðað við uppbyggingu á tímabilinu

### Tímaáætlun:

- 2024-2027





## **Aðgerð 8:**

**Í samstarfi við skrifstofu málefna fatlaðs fólks verða settar fram tillögur um hvernig hægt sé að tryggja heimilislásum, með langvarandi stuðningsþarfir vegna fötlunar og vímuefnavanda, viðeigandi búsetuúrræði**



# Unnið að tillögum um búsetu fyrir einstaklinga með fötlun og vímuefnavanda

## Rök:

Ljóst er að þeir einstaklingar sem sækja neyðarskýlin glíma sumir við þroska- og/eða geðrænan vanda auk vímuefnavanda. Um er að ræða hóp sem verður af nauðsynlegri þjónustu þar sem ekki hefur tekist eða ekki er vilji til að meta þjónustupörf þeirra út frá lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 þar sem formlega fötlunargreiningu skortir. Því er mikilvægt að þessum hópi verði tryggð viðeigandi búseta út frá fyrirliggjandi þjónustupörfum og að skortur á formlegri fötlunargreiningu standi ekki í vegi fyrir búsetuuppbyggingu. Horfa þarf til þeirrar reynslu sem skapast hefur af rekstri heimilis fyrir tvígreindar konur.

## Ábyrgð:

- Skrifstofa ráðgjafarþjónustu

## Kostnaður:

- Verður metinn samhliða vinnu

## Tímaáætlun:

- 2025



**Aðgerð 9:**

**Málþing um forvarnir og samtal um heimilisleysi**



# Málþing um forvarnir og samtal um heimilisleysi

## Rök:

Mikilvægt er að huga að forvörnum gegn heimilisleysi. Auka þarf meðvitund og samtal í samfélaginu til að auka skilning á málefnum fólks sem á í hættu að verða heimilislaut, með sérstakri áherslu á ungt fólk. Sem liður í því er samtal, samráð og stuðningur við íbúa borgarinnar sem búa í nágrenni við úrræði sem veita heimilislautsum þjónustu.

Þörf er á samtali og samstarfi milli kerfa um hvar þörf er á frekari samþættingu og leiðum til samstarfs. Þeim einstaklingum sem „falla á milli kerfa“ er hættara en öðrum að eiga við heimilisleysi að etja á lífsleiðinni.

## Ábyrgð:

- Vesturmiðstöð

## Kostnaður:

- Rúmast innan fjárheimilda

## Tímaáætlun:

- 2025



**Aðgerð 10:**

**Að stuðlað verði að opnun virkniúrræða**



# Að stuðlað verði að opnun virkniúrræða

## Rök:

Í nýútgefinni lokaskýrslu starfshóps á vegum heilbrigðisráðherra um stefnu og aðgerðir í skaðaminnkun fjallar ein þeirra 15 aðgerða sem lagðar eru fram um að fólk með samslátt vímuefnanotkunar og heimilisleysis eigi aðgang að dagþjónustu þar sem fjölbreytt virkni og stuðningur er í boði. Lagt er til að stofnaður verði starfshópur hagaðila sem verði m.a. falið að greina þörf, mögulega framkvæmd, staðsetningu og gera kostnaðarmat á slíku úrræði á Íslandi. Gert er ráð fyrir að velferðarsvið Reykjavíkurborgar verði einn samstarfsaðili að þessari aðgerð.

## Ábyrgð:

- Sviðsstjóri

## Kostnaður:

- Metinn síðar

## Tímaáætlun:

- 2025-2026



**Aðgerð 11:**

**Samtal við ríkið um samþætta þjónustu**



## Samtal við ríkið

### Rök:

Heimilislausir einstaklingar með miklar og flóknar þjónustuparfir þarfnast alla jafna umfangsmikillar velferðar- og heilbrigðisþjónustu. Ein aðgerð stefnunnar er að sett verði á fót úrræði á 3. þrepi sem hefur það að markmiði að meta þjónustupörf viðkomandi einstaklings og undirbúa þá fyrir sjálfstæða búsetu, annað hvort á almennum leigumarkaði eða í félagslegu leiguhúsnæði á grundvelli þjónustumats.

Afar mikilvægt er að samstarf náist með ríkinu um aðkomu að úrræðinu þar sem ljóst er að markhópur úrræðisins þarfnast heilbrigðisþjónustu m.a. geðheilbrigðisþjónustu.

Í samtali við ríkið þarf jafnframt að ræða mögulegar lausnir vaðandi einstaklinga sem eru að útskrifast af stofnunum og metnir eru hættulegir.

### Ábyrgð:

- Sviðsstjóri

### Kostnaður:

- Metinn síðar

### Tímaáætlun:

- 2025





## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Stýrihópur um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir

---

### **Efni tillögu: *Endurskoðuð aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir***

Lagt er til að velferðarráð samþykki endurskoðaða aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Áætlaður kostnaður vegna aðgerða um uppbyggingu húsnæðis er um 3.384 m.kr. til loka árs 2027.

#### ***Greinargerð:***

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs 11. október sama ár. Stefnunni fylgdi aðgerðaáætlun með 34 kostnaðarmetnum aðgerðum. Staða aðgerða í janúar 2025 er að 29 aðgerðum telst lokið eða eru viðvarandi en fimm eru enn í ferli.

Þann 8. desember 2021 var á fundi velferðarráðs samþykkt tillaga sviðsstjóra um skipun stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Hlutverk stýrihópsins samkvæmt erindisbréfi er að endurskoða aðgerðaáætlunina og leggja fram tillögur að nýjum eða breyttum aðgerðum, forgangsroðun þeirra og kostnaðarmati. Sérstök áhersla er lögð á stöðu heimilislausra kvenna í endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar.

Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 voru lagðar fram fimm tillögur stýrihópsins þar á meðal um að starfshópi verði falið að leggja til útfærslu á og kostnaðarmeta tillögu stýrihópsins um þrepaskipta þjónustu við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Á þeim tíma sem unnið hefur verið að endurskoðaðri aðgerðaáætlun hefur ýmislegt áunnist í málaflokknum, sjá nánar í minnisblaði (fylgiskjal 1). Að auki hefur gefist tækifæri til að láta reyna á framkvæmd þrepaskiptrar þjónustu t.d. með tímabundnu sértæku húsnæði fyrir karla, sem gefið hefur góða raun. Frá árinu 2019 hefur þjónustueiningum fjölgað um 86, en í endurskoðaðri aðgerðaráætlun er áætlað að einungum fjölgi um 106 til loka árs 2027.



Í endurskoðaðri aðgerðaráætlun (fylgiskjal 2) er áfram horft til þeirra áherslna sem fram koma í stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir þ.e. á berskjaldaða hópa, hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar og hugmyndafræði húsnæðis fyrst. Aðgerðaáætlunin samanstendur af eftirfarandi aðgerðum.

1. Uppbygging húsnæðis
2. Móttaka fyrir þá sem óska eftir næturgistingu í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar
3. Nýtt neyðarskýli fyrir konur
4. Þarfagreining á neyðarskýli fyrir karla ásamt tillögu að rekstrarfyrirkomulagi
5. Draga úr þörf fyrir neyðarrými samhliða húsnæðisuppbyggingu
6. Þarfagreining fyrir sólarhringsþjónustu/íbúðakjarna fyrir karla
7. Aukin stöðugildi í VoR teymi
8. Samstarf við skrifstofu málefna fatlaðs fólks um hvernig hægt sé að tryggja heimilislausum með langvarandi stuðningsparfir vegna fötlunar og vímuefnavanda, viðeigandi búsetuúrræði.
9. Málþing um forvarnir og samtal um heimilisleysi
10. Að stuðlað verði að opnun virkniúrræða
11. Samtal við ríkið um samþætta þjónustu

Sá hluti aðgerðaáætlunarinnar sem hefur verið kostnaðarmetinn lýtur að uppbyggingu húsnæðis, en aðrar aðgerðir fela ekki í sér kostnað eða verða kostnaðarmetnar í frekari vinnu. Áætlaður kostnaður vegna húsnæðisuppbyggingar til loka árs 2027 er 3.384 m.kr. Gert er ráð fyrir að á tímabilinu hafi nýjum einingum fjölgað um 106.

Stýrihópurinn ákvað að uppbygging húsnæðis næði til loka árs 2027 þrátt fyrir að stefnan sjálf gildi til loka árs 2025. Mikilvægt þótti að líta til lengri tíma en gert er ráð fyrir að húsnæðisuppbyggingin sæti endurskoðun t.d. ef ákveðið verður að ráðast í gerð nýrrar stefnu.

Áætlaður kostnaður fyrir málaflokk heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir á árinu 2024 er um 1,9 ma.kr. Þar með talið er kostnaður vegna reksturs áfangaheimila 112.744 m.kr. og húsnæði fyrir fatlað fólk með virkan vímuefnavanda 576.607 m.kr. (fylgiskjal 2).

<b>Kostnaðarmat tillagna út árið 2027</b>	
Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímab húsn	1.990
þrep- sólarhrings búsetuþjónusta	1.244
Húsnæði með stuðningi VoR	150
<b>Samtals</b>	<b>3.384</b>

*\*Nú þegar hefur verið gert ráð fyrir 60 m.kr. til að sinna nætursþjónustu í VoR teymi*



## Framtíðarsýn - þrepaskipt þjónusta

Í endurskoðaðri aðgerðaáætlun er lögð sérstök áhersla á þrepaskipta þjónustu í málaflökki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir (HMFÞ). Markmiðið með þrepaskiptri þjónustu er að mæta sértækum þörfum notenda með fjölbreyttari kostum og draga þannig úr þörf á neyðarhúsnæði. Litið hefur verið til fyrirkomulags sem bæði Norðmenn og Danir hafa byggt upp. Þrepaskipt þjónusta er uppbyggð á eftirfarandi hátt:

### Þrep 1: Neyðarmóttaka

**Fyrir hverja:** Heimilislausu með miklar og flóknar þjónustuparfir

Í móttöku (1. þrep) felst sérstakt verklag á milli málaflökks HMFÞ og miðstöðva Reykjavíkurborgar. Á miðstöðvum starfa félagsráðgjafar/sérfræðingar með þekkingu á málaflöknum og þar fer fram frumgreining á stöðu notandans og mat á því hvort viðkomandi falli að skilgreiningunni „einstaklingur með miklar og flóknar þjónustuparfir“. Á grundvelli mats vísar miðstöð einstaklingum í neyðarskýli eða bendir á aðrar lausnir t.d. ef viðkomandi fellur ekki að skilgreiningu markhóps. Notandi sem leitar í neyðarskýli eftir opnunartíma á miðstöð, fær undanþágu til gistingar í eina nótt en þarf að leita til miðstöðvar daginn eftir þar sem aðstæður hans eru metnar m.t.t. markhóps eða honum er vísað á réttan stað.

### Þrep 2: Neyðarskýli

**Fyrir hverja:** Heimilislausu með miklar og flóknar þjónustuparfir. Notendur sem hafa verið metnir í þörf fyrir húsnæði sem ætlað er heimilislausum með miklar og flóknar þjónustuparfir á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Í dag eru neyðarskýli Reykjavíkurborgar þrjú, tvö fyrir karla og eitt fyrir konur.

### Þrep 3: Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu í sérstöku tímabundnu húsnæði

**Fyrir hverja:** Fyrir notendur sem þurfa á umfangsmiklum stuðningi að halda í búsetu eftir langvarandi reynslu af heimilisleysi. Stuðningurinn er veittur til kvenna annars vegar og hins vegar til karla. Á meðan á dvöl stendur fer fram markviss valdefling notenda og mat á þjónustupörf viðkomandi leitt af fagfólki. Um er að ræða sólarhringsþjónustu. Ekki er gerð krafa um edrúmennsku. Sérstakt tímabundið húsnæði getur verið skilgreint fyrir einstaklinga í virkri neyslu en líka fyrir einstaklinga sem eiga ekki við vímuefnavanda að stríða en þurfa sérstakan stuðning.

## 4. þrep. Varanleg búseta

**Fyrir hverja:** Fyrir notendur þar sem þjónustumat liggur fyrir m.a. um búsetu- og stuðningsþörf sem metin hefur verið á 3. þrepi.

Um getur verið að ræða:

- **Almennt félagslegt leiguhúsnæði** án stuðnings VoR teymis en mögulega með stuðningi og eftirfylgd frá ráðgjöfum á miðstöð.
- **Stakar íbúðir fyrir heimilislausu:** Stakar íbúðir, án stuðnings VoR teymis, fyrir heimilislausu sem uppfylla ekki skilyrði um almennt félagslegt leiguhúsnæði. Gert



er ráð fyrir að einstaklingar hafi fengið þjónustu á 3. þrepi og farið gegnum mat á þjónustu í sérstöku tímabundnu húsnæði.

- **Stakar íbúðir/HF íbúðir og smáhús:** Stuðningur veittur frá húsnæðishluta VoR teymis. Um er að ræða stuðning veittan á grundvelli þjónustusamnings og einstaklingsáætlunar. Þjónusta er veitt virka daga frá kl. 08:00-18:00 og um helgar frá kl. 10:00-18:00. Hluti þess hóps sem fær úthlutað hefur mögulega verið í úrræði á 3. þrepi þar sem mat hefur verið lagt á búsetuþörf og áframhaldandi þjónustu.
- **Áfangaheimili,** ef viðkomandi hefur farið í vímuefnaeðferð: Í dag rekur Reykjavíkurborg þrjú áfangaheimili, eitt fyrir konur, eitt fyrir karla og eitt með þjónustusamningi við Samhjálp.
- **Sólarhrings búsetuþjónusta fyrir annars vegar konur og hins vegar karla:** Búseta, í litlum íbúðum eða herbergjasambýli, fyrir notendur sem metnir hafa verið í þörf fyrir sólarhringsstuðning skv. reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.
- **Hjúkrunarrými.** Mat hefur verið lagt á að viðkomandi einstaklingur þurfi hjúkrunarrými og sækja þurfi um færni- og heilsumat.

Frá því að stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir var samþykkt árið 2019 hefur orðið mikil uppbygging í málaflokknum (fylgiskjal 2). Framtíðasýn í málaflokknum byggir m.a. á því að dregið verði úr þörf á neyðarrýmum samhliða því að fjölgun verði á tímabundnu neyðarhúsnæði og varanlegum húsnæðisúrræðum. Áfram er stefnt að því að kynjaskipta þjónustunni eins og kostur er og horfa verður sérstaklega til þarfa einstaklinga af erlendum uppruna í hópnum.

Einstaklingar sem búa við heimilisleysi eru mun líklegri en aðrir einstaklingar til að glíma við geðrænar áskoranir, líkamleg veikindi, vímuefnavanda og þunga áfallasögu. Þá eru þessir einstaklingar líklegri til að eiga mál innan réttarvörslukerfisins og þurfa á aðkomu heilbrigðiskerfisins að halda fremur en einstaklingar sem tilheyra ekki þessum hópi. Fjölpætt og flókin staða þessara einstaklinga kallar því á samþættingu mismunandi þjónustukerfa, þ.e. heilbrigðis,- réttar,- og félagslega kerfisins, sem krefst náinnar samvinnu allra aðila sem koma þar að málum svo hægt sé að mæta þörfum einstaklingsins. Áfram þarf því að vekja athygli á og vinna að því að þjónusta við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir verði samþætt þvert á kerfi og stofnanir.

Fylgigögn:

1. Minnisblað með tillögu um endurskoðaða aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum heimilislausra.
2. Endurskoðuð aðgerðaráætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir.
3. Jafnréttisskimun.



Reykjavík, 13. janúar 2025

VEL25010024

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni:** *Endurskoðuð aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir*

### **Forsaga:**

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt á fundi velferðarráðs 5. júní 2019 og á fundi borgarráðs 11. október sama ár. Stefnunni fylgdi aðgerðaáætlun með 34 kostnaðarmetnum aðgerðum. Staða aðgerða í október 2024 er að 29 aðgerðum telst lokið eða eru viðvarandi en fimm eru enn í ferli.

Þann 8. desember 2021 var á fundi velferðarráðs samþykkt tillaga sviðsstjóra um skipun stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

Hlutverk stýrihópsins samkvæmt erindisbréfi er að endurskoða aðgerðaáætlunina og leggja fram tillögur að nýjum eða breyttum aðgerðum, forgangsröðun þeirra og kostnaðarmati. Sérstök áhersla er lögð á stöðu heimilislausra kvenna í endurskoðun á aðgerðaáætluninni.

Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 voru lagðar fram fimm tillögur stýrihópsins þar á meðal um að starfshópi verði falið að leggja til útfærslu á og kostnaðarmeta tillögu stýrihópsins um þrepaskipta þjónustu við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.

### **Greinargerð:**

#### **Úrræði og kostnaður:**

Aðstæður þeirra sem teljast til hóps heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir eru sárar, skortur er á eða bið eftir viðeigandi úrræðum velferðar- og heilbrigðiskerfis og enn hefur ríkið ekki mótað stefnu í málaflokknum. Reykjavíkurborg hefur hins vegar á undanförunum árum ráðist í ýmsar aðgerðir sem bætt hafa þjónustu og stuðning við hópinn og ber í raun hitann og þungann af málaflokknum.

Velferðarsvið rekur og styrkir ýmsa þjónustu við einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir. Markmið úrræða er að mæta þörfum þeirra sem þurfa þjónustu út frá



skaðaminnkandi inngrípum. Um er að ræða jaðarsetta hópa sem þurfa margvíslegan stuðning varðandi eigið heilbrigði ásamt félagslegum og efnahagslegum stuðningi. Vettvangs- og ráðgjafarteymi Vesturmiðstöðvar (VoR teymi), sinnir bæði vettvangsþjónustu sem og húsnæðisstuðningi til þeirra einstaklinga sem teljast til hópsins. Miðstöðvar sviðsins sinna einnig félagslegri ráðgjöf við heimilislausa og er gróft mat að um þrjú stöðugildi félagsráðgjafa á miðstöðvum hafi sinnt hópnum frá 2018 til 2019 en að stöðugildin séu fimm frá árinu 2020. Árið 2024 sitja sex félagsráðgjafar í tengiliðahóp við málaflokkinn.

Í töflu 1 má sjá þróun úrræða fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir frá árinu 2019 þegar *Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir* var samþykkt. Á árinu 2019 voru rými í úrræðum velferðarsviðs fyrir hópinn alls 101 en tvö eru rekin með þjónustusamningi. Annars vegar við Samhjálp og hins vegar við SÁÁ. Í dag eru úrræðin 187 og áfram eru tvö úrræði rekin með þjónustusamningum við SÁÁ og Samhjálp. Í endurskoðaðri aðgerðaáætlun er stefnt að því að alls verði ný rými 106 í lok árs 2027 og því alls 293.

Áætlaður kostnaður fyrir málaflokkinn árið 2024 er um 1,9 ma.kr.

Tafla 1: Úrræði og kostnaður

Úrræði	Fjöldi rýma				Áætlaður kostnaður fyrir árið 2024	Kostnaður per rými
	2019	2022	2023	2024	2024	2024
Neyðarskýli	33	52	52	52	505.720	9.826
H121 (íbúðir fyrir konur)	5	11	11	11	169.727	15.430
N74 (herbergi f. karla)	8	9	10	10	152.043	15.204
HF íbúðir (með stuðningi VoR teymis)*	5	19	20	24		0
Smáhús(innri leiga)**	3	13	20	20	30000	1.500
Smáhýsi Granda	4	3	3	2		0
Vettvangs- og ráðgjafarteymi					187.103	
S1 (herbergi f. karla)			6	6	163.500	27.250
<b>Áfangameimili</b>						
Njála		11	13	13	25.574	1.967
Brautin	8	8	11	11	31.476	2.861
M18 - fyrir karla (þjónustusamning við Samhjálp)	8	8	8	8	30.874	3.859
Vin (þjónustusamningur við SÁÁ)	20	20	20	20	24.820	1.241
<b>Húsnæði fyrir fatlað fólk með virkan vímuefnavanda</b>						
Íbúðarkjarni H 79 (konur)	0	7	7	7	290.230	41.461
Herbergjasambýli M20 (karlar)	7	7	8	8	286.377	35.797
<b>Samtals</b>	<b>101</b>	<b>165</b>	<b>186</b>	<b>187</b>	<b>1.897.443</b>	

Að auki hefur velferðarráð á árinu 2024 veitt styrki eða gert samninga við frjáls félagasamtök um veitingu þjónustu (tafla 2).

Tafla 2: Samningar, styrkir og annað á árinu 2024



<b>Samningar, styrkir og annað</b>	<b>2024</b>
Hjálpþræðisherinn (samningur)	15.000.000
Kaffistofa Samhjalpar (samningur)	10.560.000
Lengri opnunartími Samhjalp 1. jan - 29. feb	2.941.641
Lengri opnunartími Samhjalp 1. nóv - 31. mars	1.403.132
	<b>29.904.773</b>

## Umfjallanir og bókanir velferðarráðs

Frá því að stýrihópurinn hóf vinnu sína í desember 2021 hefur eftirfarandi áunnist.

- Samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar um neyslurými fyrir skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda var undirritaður þann 10. nóvember 2021. Í desember 2021 samþykkti velferðarráð samning Reykjavíkurborgar og Rauða kross Íslands um rekstur neyslurýmisins og hófst reksturinn í byrjun mars 2022.
- Velferðarráð samþykkti á fundi sínum þann 25. maí 2022 að ráða tímabundið í 6,4 stg. til að bæta við vaktir í neyðarskýlum borgarinnar fyrir karla vegna mjög aukinnar aðsóknar. Samhliða verði komið á fót tímabundnu neyðarhúsnæði fyrir heimilislausa karla sem dvalið hafa í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar.
- Í ágúst 2022 var tekið í notkun áfangaheimili fyrir 14 konur sem lokið hafa áfengis- og/eða vímuefnaeðferð. Tillaga velferðarráðs um stofnun áfangaheimilis var samþykkt á fundi borgarráðs 20. ágúst 2020.
- Velferðarráð samþykkti á fundi þann 14. september 2022 tillögu um stofnun tímabundins neyðarhúsnæðis fyrir heimilislausa karlmenn í miðborginni. Heimilið var tekið í notkun í lok árs 2023.
- Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 var kynnt þarfagreining á neyðarhúsnæði fyrir konur. Frá þeim tíma hefur farið fram forhönnun á núverandi staðsetningu Konukots til að kanna möguleika á bættri og aukinni starfsemi áfram á sama stað.
- Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 var samþykkt að frá 1. apríl 2023 yrðu reglur um styrki til áfangaheimila frá desember 2008 felldar úr gildi. Upphaflegt markmið reglnanna var að jafna stöðu íbúa á áfangaheimilum við aðra sem gátu sótt um húsnæðisstuðning. Þann 1. janúar 2017 tóku gildi ný lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur en með þeim geta leigjendur áfangaheimila skráð lögheimili sitt þar og sótt um húsnæðisstuðning eins og aðrir íbúar Reykjavíkur. Reglurnar eru því ekki nauðsynlegar með sama hætti og áður.



- Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 voru samþykkar fimm tillögur stýrihópsins:
  1. Að velferðarsviði verði heimilað að hækka gistináttgjald hjá sveitarfélögum fyrir gistingu í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar í 46.000 kr. fyrir hverja gistinótt, þegar einstaklingur á lögheimili utan Reykjavíkur, þannig að gjaldið samsvari raunkostnaði. Tillaga þar um var lögð fram á fundi velferðarráðs 21. desember 2022.
  2. Að starfshópi verði falið að leggja til útfærslu á og að kostnaðarmeta tillögu stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir um **þrepaskipta þjónustu** við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir.
  3. Að sviðsstjóra verði falið að eiga samtal við Samband íslenskra sveitarfélaga um mikilvægi aðkomu ríkisins að málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Skorað er á sambandið að beita sér fyrir því að ríkið komi með sama hætti að fjármögnun og skipulagi málaflokksins og tíðkast erlendis.
  4. Að sviðsstjóra verði falið að eiga viðræður við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í málefnum heimilislausra.
  5. Að velferðarsviði verði falið að leita liðsinnis Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar með að finna húsnæði sem mögulega gæti hentað sem hjúkrunarrými fyrir einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir.
- Á grundvelli umræðna velferðarsviðs við heilbrigðisráðuneytið samþykkti ráðuneytið að ráðstafa 30 m.kr. til að tryggja heimilislausu fólki betra aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu.
- Í janúar 2023 gerðu Heimahjúkrun Reykjavíkurborgar og Sjúkratryggingar Íslands með sér samning um heilbrigðisþjónustu á vettvangi við heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir. Hjúkrunarfræðingar hafa verið ráðnir til starfa og sinna heimilislausum með miklar og flóknar þjónustuparfir.
- Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 var lögð fram endurskoðuð viðbragðsáætlun velferðarsviðs vegna veðurs í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar.
- Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 voru lagðar fram fimm tillögur stýrihóps um endurskoðun aðgerðaráætlunarinnar og lagt til að undirhópi verði falið að leggja til útfærslu á og að kostnaðarmeta tillögur um þrepaskipta þjónustu við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir (fylgiskjal 2). Tillögurnar byggðu á fræðsluferð sem starfsfólk af skrifstofu velferðarsviðs, ásamt formanni velferðarráðs, fór í til Óslóar og Kaupmannahafnar 7. - 10. nóvember 2022. Markmið ferðarinnar var að fræðast um fyrirkomulag neyðarþjónustu við heimilislausra með fjölþættan vanda. Á grundvelli þeirrar fræðslu var það mat





hópsins að mikilvægt væri að koma á stigskiptri þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir, sér í lagi að koma á starfsemi þar sem fram færi mat á þjónustu- og stuðningsþörfum þeirra sem glíma við fjölbættan vanda þannig að þeim væru tryggð úrræði við hæfi.

- Á tímabilinu febrúar – apríl 2023 voru málefni heimilislausra tekin upp á þremur fundum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Rætt var um dagsetur og erindi frá Hjálpræðishernum um samstarf um rekstur dagseturs. Niðurstaðan var að beiðni yrði eftir niðurstöðu frá verkefnastjóra um málefni heimilislausra áður en sveitarfélögin geti tekið ákvörðun um að taka þátt í rekstri dagseturs. Skýrsla verkefnisstjóra var kynnt á fundi SSH þann 19. apríl 2023. Í september 2023 barst beiðni frá velferðarhópi SSH um aðkomu sveitarfélaganna að VoR teymi velferðarsviðs en einnig kom fram að SSH væri tilbúið til að taka þátt í kostnaði vegna vetraropnunartíma neyðarskýla. SSH tók þátt í kostnaði vegna vetraropunar neyðarskýla frá 1. desember – 1. apríl 2024.
- Í mars 2023 lauk viðamiklum endurbótum á Hringbraut 121 og þangað fluttu inn 11 konur með miklar þjónustuparfir.
- Þann 31. mars 2023 var haldin vinnustofa með stjórnendum í málaflokki heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Umræðuefnið var prepaskiptur stuðningur.
- Á fundi velferðarráðs þann 7. júní 2023 voru kynnt drög að reglum um tímabundið húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar.
- Á fundi velferðarráðs þann 7. júní 2023 voru kynnt viðmið vegna styrkja til áfangaheimila.
- Þann 7. júlí 2023 átti sviðsstjóri velferðarsviðs fund með Sambandi íslenskra sveitarfélaga á grundvelli bókunar velferðarráðs frá 1. febrúar 2023 en beiðni um fund var send Sambandinu þann 17. febrúar 2023.
- Í október 2023 hafði verið úthlutað í 20 smáhús samkvæmt núverandi aðgerðaráætlun.
- Á fundi velferðarráðs þann 18. október 2023 var velferðarsviði falið að útfæra tillögu um rekstur tímabundins dagsathvarfs fyrir heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir sem yrði opið í desember 2023 til febrúar 2024.
- Á fundi velferðarráðs þann 1. nóvember 2023 var velferðarsviði falið að ganga til samninga við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vegna beiðni þeirra um aðkomu sveitarfélaganna að þjónustu VoR teymis og vetraropunar sérstaks neyðarskýlis. Velferðarsvið gerði SSH tilboð um aðkomu að VoR teymi en því var ekki svarað af hálfu sveitarfélaganna.



- Á fundi velferðarráðs þann 15. nóvember 2023 var samþykkt tillaga um að gengið yrði til samstarfs við Samhjálp um vetraropnun á Kaffistofu Samhjálpar á tímabilinu desember 2023 - febrúar 2024.
- Á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2024 var samþykkt að útvega aðstöðu fyrir jaðarsett fólk með fjölþættan vanda til þess að það geti sinnt listsköpun. Starfið hefur verið í höndum sjálfboðaliða sem óskuðu eftir því að fá afnot af aðstöðu á Lindargötu við Vitatorg. Áhugasamur aðili lét í ljós áhuga á verkefninu og hefur fengið leiðbeiningar um hvaða gagna þyrfti að afla.
- Á fundi velferðarráðs 13. maí 2024 var lagður fram samningur milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga Íslands um neyslurými vegna skaðaminnkandi þjónustu, sem undirritaður var 8. apríl 2024. Reykjavíkurborg ber engan kostnað vegna samningsins en heilbrigðisráðuneytið leggur til um 55 m.kr. til reksturs neyslurýmisins.
- Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 2024 fól velferðarráð velferðarsviði að aðstoða Litla þúfu við að finna annað húsnæði fyrir starfsemi áfangaheimilisins.

Eftirfarandi tillögum hefur verið vísað til stýrihópsins:

Tillögu fulltrúa Flokks fólksins um breyttan opnunartíma neyðarskýla sem lögð var fyrir velferðarráð þann 14. september 2022.

Starfshópurinn vísar til þess að hlutverk neyðarskýla er að veita tímabundið skjól hluta sólarhringsins en ekki að vera ígildi búsetu. Til staðar er viðbragðsáætlun velferðarsviðs vegna veðurs í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar og samningur hefur verið gerður við Samhjálp um lengri opnunartíma Kaffistofunnar yfir köldustu vetrarmánuðina.

Tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að velferðarsvið beiti sér fyrir því að bæta aðstæður, fjölga stöðugildum og bæta þjónustu með því að koma á samningi milli borgarinnar og heilsugæslunnar sem lögð var fyrir fund 5. október 2022.

Velferðarsvið hefur beitt sér fyrir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um aðkomu ráðuneytisins að þjónustu við heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir. Heilbrigðisráðuneytið hefur samþykkt að ráðstafa 30 m.kr. til að tryggja heimilislausu fólki betra aðgengi að nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Í janúar 2023 gerðu Heimahjúkrun Reykjavíkurborgar og Sjúkratryggingar Íslands með sér samning um heilbrigðisþjónustu á vettvangi við heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir. Hjúkrunarfræðingar hafa verið ráðnir til starfa og sinna heimilislausum með miklar og flóknar þjónustuparfir. Landsspítalinn hefur veitt aukna heilbrigðisþjónustu í Ylju neyslurými sem er afar jákvætt.



Tillögu borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að útrýma heimilisleysi sem lögð var fyrir fund velferðarráðs 26. apríl 2023.

Stýrihópurinn vísar til þess að unnið hefur verið ötullega að þeim aðgerðum sem fram koma í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir frá árinu 2019. Framlögð aðgerðaáætlun er til þess fallin að draga úr heimilisleysi fólks og búa þeim betri lífsskilyrði. Reykjavíkurborg, eitt sveitarfélaga hefur lagt fram stefnu í málaflökknum og enn er beðið eftir stefnu ríkisins. Það getur ekki verið í höndum Reykjavíkurborgar að útrýma heimilisleysi sem á sér margskonar dýpri rætur m.a. í samfélagsgerðinni og hvernig búið er að börnum í uppveiti. Stýrihópurinn telur að velferðarráð hafi látið málaflokk heimilislausra sig miklu varða og telur mikilvægt að leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir heimilisleysi sem og bregðast við því.

Í nóvember 2024 skilaði starfshópur á vegum heilbrigðisráðherra lokaskýrslu um stefnu og aðgerðir í skaðaminnkun. Þar er að finna tillögur að 15 aðgerðum sem m.a. fjalla um samþætta heilbrigðisþjónustu, meðferðarúrræði og dagþjónustu þar sem fjölbreytt virkni og stuðningur yrði í boði fyrir fólk með samslátt vímuefnanotkunar og heimilisleysis. Afar mikilvægt er að þær aðgerðir sem fram koma í skýrslu starfshópsins nái fram að ganga.

#### **Niðurstaða:**

Eins og fram hefur komið má sjá að frá því að stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt árið 2019 hafi orðið mikil uppbygging í málaflökknum. Framtíðasýn málaflokksins byggir m.a. á því að dregið verði úr þörf á neyðarrýmum samhliða því að fjölgun verði á tímabundnu neyðarhúsnæði og varanlegum húsnæðisúrræðum. Áfram er stefnt að því að kynjaskipta þjónustunni eins og kostur er og horfa verður sérstaklega til þarfa einstaklinga af erlendum uppruna í hópnum.

Áskoranir í málaflökknum snúa að því að Reykjavíkurborg þurfi ekki eitt sveitarfélaga að bera hitann og þungann af þjónustunni og að ríkið móti sér stefnu í málaflökknum. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki sett fram neinar áætlanir um viðbrögð við heimilisleysi einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir sem hafa lögheimili utan Reykjavíkur en sækja þjónustu til höfuðborgarinnar. Velferðarsvið Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness ákváðu á vormánuðum 2022 að fara af stað með samstarfsverkefni í málaflökki heimilislausra. Markmiðið með verkefninu var m.a. að móta tillögur um það hvernig bæta mætti þjónustu við þennan hóp með sameiginlegu átaki aðildarsveitarfélaganna. Engar úrbætur hafa verið gerðar af hálfu umræddra sveitarfélaga í kjölfar þessarar vinnu sem bendir til áhugaleysis sveitarfélaganna til úrbóta.

Einstaklingar sem búa við heimilisleysi eru mun líklegri en aðrir einstaklingar til að glíma við geðrænar áskoranir, líkamleg veikindi, vímuefnavanda og þunga áfallasögu. Þá eru þessir einstaklingar líklegri til að eiga mál innan réttarvörslukerfisins og þurfa á aðkomu



heilbrigðiskerfisins að halda fremur en einstaklingar sem tilheyra ekki þessum hópi. Fjölpættur og flókinn vandi þessara einstaklinga kallar því á samþættingu mismunandi þjónustukerfa, þ.e. heilbrigðis,- réttar,- og félagslega kerfisins, sem krefst náinnar samvinnu allra aðila sem koma þar að málum svo hægt sé að mæta þörfum einstaklingsins. Áfram þarf því að vekja athygli á og vinna að því að þjónusta við heimilislauða með miklar og flóknar þjónustubarfir verði samþætt þvert á kerfi og stofnanir.